



ÄNGLAMARK-DAGAR

13.-19. mars



nettó



VÍKURFRÉTTIR

Stöndum vaktina!

vf is

MÍÐVÍKUDAGUR 12. MARS 2025 // 10. TBL. // 46. ARG.

DREIFT Á SUÐURNESJUM OG Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ÓKEYPIS EINTAK

DAGLEGAR FRÉTTIR

Bæjarfulltrúum í Suðurnesjabæ fækkar um tvo

Bæjarráð Suðurnesjabæjar samþykkti samhljóða 26. febrúar tillögu fulltrúa D, O og S-lista um að leggja til við bæjarstjórn að bæjarstjóra verði falið að leggja hið fyrsta fyrir bæjarstjórn tillögur að endurskoðun á samþykkt um stjórn Suðurnesjabæjar. Jafnframt að í 1. grein um skipan bæjarstjórnar verði fjölda fulltrúa í bæjarstjórn fækkað úr níu í sjö. Framangreind breyting taki gildi við sveitarstjórnarkosningar vorid 2026.

Málið var tekið til umfjöllunar á síðasta fundi bæjarstjórnar Suðurnesjabæjar. Þar var afgreiðsla bæjarráðs samþykkt með sex atkvæðum bæjarfulltrúa D, O og S lista. Bæjarfulltrúar B-lista og Magnús Sigfús Magnússon bæjarfulltrúi greiddu atkvæði á móti.



Sjavarflóðin rifu upp landið og skoluðu mól og grjóti ásamt þangi langt upp á land. Hér er Páll Þórðarson þar sem sjóvarnagarðurinn við Norðurkot endar. VF/Hilmar Bragi

Brimið fletti upp landinu og setti 2300 hreiðurstæði á kaf í sjó



Bakkinn er illa farin eftir átökin í náttúrunni.

Bæjaryfirvöld í Suðurnesjabæ hafa verið í samtölum við Vegagerðina í kjölfar sjavarflóðanna um þarsíðustu helgi. „Við höfum líka verið í samskiptum við alþingismenn og ráðherra. Framundan er vinna við að fá fram úrbætur í samgönguáætlun og aukningu á fjármagni til sjóvarna,“ segir Magnús Stefánsson, bæjarstjóri í Suðurnesjabæ, í samtali við Víkurfréttir. Málið verður á dagskrá bæjarráðs Suðurnesjabæjar í vikunni.

Ítarlega er fjallað um afleiðingar sjavarflóða í Suðurnesjabæ. Hér að ofan má sjá Pál Þórðarson í Norðurkoti II og landbrotið sem varð í sjavarflóðunum í upphafi mánaðarins. Strandlengjan er víða illa farin eftir ágang sjávarins. Á efri myndinni er Páll þar sem sjóvarnargarður endar og má vel sjá hvernig átökin hafa leikið landið. Sjá nánar umfjöllun um ástandið við Norðurkot og í Náthaga á síðum 2 og 4 í blaðinu.

ÞETTA LAK GERIR MIG GDA

Orð eru til alls fyrst

SKÁLDASUÐ Á SÍÐU 19

- ✓ Reynsla og traust
- ✓ Atvinnuljósmyndun og drónamyndataka
- ✓ Persónuleg og sérsniðin þjónusta
- ✓ Við erum hér til að gera ferlið einfalt og ánægjulegt - frá fyrsta skrefi til loka

Hafðu samband í dag og láttu okkur sjá um fasteignina þína!

ALLT

FASTEIGNASALA

allt@allt.is | 560-5500

24 SÍÐUR Í ÞESSARI VIKU • STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM

Flott viðskipta-tækifæri

Góð aukavinna

Innrömmun Suðurnesja er til sölu, rekstur og tæki.

Fínar vélar og hráefni til innrömmunar. Nóg að gera! Gott tækifæri og góð aukavinna.

Upplýsingar í síma 694-3160, Gunnar.



Sigurður Mariásson reri á kayak út á sjávartjörnina í Nátthaga og tók þessar fallegu myndir.

Grafið í gegnum sjávarkambinn til að ræsa fram Nátthaga

Skurður var grafinn í sjávarkambinn við Nátthaga í Suðurnesjabæ til að ræsa fram landið en gríðarstór sjávarflóðunum um þarsíðustu helgi. Í flóðunum náði sjórinn að fristundahúsum sem standa í Nátthaga og þrjár brautir golfvallarins, sem kenndur er við Kirkjuból, voru á kafi í sjó.

Unnur Katrín Valdimarsdóttir, sem rekur ferðaþjónustu í Nátthaga, þurfti að koma gestum úr einu húsi í gistingu á hóteli þar sem húsið var umflotið sjó. Íbúar í nokkrum húsum komust heldur ekki akandi frá heimilum sínum þar sem vegurinn var á kafi í sjó og ekki æskilegt að aka í söltum sjónum eða fara á rafmagnsbílum í gegnum þá torfæru.

Nú hefur verið sett mól í veginn og hann hækkaður þar sem hann fór undir sjó. Þá gafst það vel að



Skurður var grafinn í sjávarkambinn við Nátthaga í Suðurnesjabæ til að ræsa fram landið

grafa í gegnum sjávarkambinn og sjórinn fossaði þar út um tíma. Hins vegar liggur landið þannig

að ekki er auðvelt að ræsa fram allt landið og þarf því að bíða meðan jarðvegurinn drekkur í sig það sem flæddi. Þá á eftir að koma í ljós hvort flóðið skemmdi þær þrjár brautir golfvallarins sem fóru undir sjó.

Það voru þó ekki allir sem sáu svartnætti vegna flóðsins. Sigurður Mariásson, íbúi á svæðinu, tók fram kayak og reri út á golfvöllinn til að taka nokkrar myndir, sem m.a. má sjá með fréttinni og á vf.is.



Tónleikar

Karлакórinn Söngbræður

Keflavíkarkirkju

15. mars 2025 kl 16:00

Miðaverð kr. 3500
posi á staðnum



Golfvöllur rís úr sæ og svanirnir njóta sín á tjörninni. VF/Hilmar Bragi



Skoða lóð fyrir hjúkrunarheimili í Suðurnesjabæ

Bæjarráð Suðurnesjabæjar samþykkti á síðasta fundi sínum tillögu frá fulltrúum D, O og S-lista um að fela sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs að skoða möguleika á lóð í Suðurnesjabæ til staðsetningar á hjúkrunarheimili fyrir aldraða og leggja fyrir framkvæmda- og skipulagsráð tillögu um staðsetningu. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Mikil eftirspurn eftir lóðum í Suðurnesjabæ

Alls bárust 285 umsóknir um níu einbýlishúsalóðir, tvær raðhúsalóðir og tvær keðjuhúsalóðir í Suðurnesjabæ. Úthlutun lóða í öðrum áfanga Skerjahverfis fór fram á fundi framkvæmda- og skipulagsráðs Suðurnesjabæjar þann 27. febrúar síðastliðinn.

Úthlutað var sex einbýlishúsalóðum við Brimsker og tveimur við Eyjasker. Þá var úthlutað einni parhúsalóð við Brimsker og annarri við Eyjasker. Parhúsalóðin við Brimsker fékk 46 umsóknir og við Eyjasker bárust 44 umsóknir í aðra lóðina og 43 í hina sem var til úthlutunar.

Raðhúsalóðir við Brimsker og Eyjasker fengu 34 umsóknir hvor og tvær keðjuhúsalóðir við Skerjabraut fengu 14 umsóknir hvor. Þá var einbýlishúsalóð við Hlíðargötu 40 sem fékk sjö umsóknir.

Ekki var hægt að úthluta einbýlishúsalóðunum Eyjasker 3, 7 og 9 þar sem allir umsækjendur um lóðirnar höfðu áður fengið úthlutað einbýlishúsalóð, en einstaklingar geta einungis fengið eina slíka lóð til úthlutunar samkvæmt reglum Suðurnesjabæjar um lóðarúthlutunir. Þær lóðir verða því auglýstar á nýjan leik til úthlutunar á heimasíðu Suðurnesjabæjar.

Allt hreint
Umhverfissvöttuð rástingaráþjónusta

HREINSUM
RIMLAGARDÍNUR OG
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS

NÝR ÞÁTTUR Á FÖSTUDÖGUM
YOUTUBE-RÁS VÍKURFRÉTTA OG VF.IS

SUÐURNESJA
magasín

**NÝJAR
ÍBÚÐIR**



HLUTDEILDARLÁN Í BOÐI

VANDAÐAR EIGNIR Á FRÁBÆRU VERÐI Í VOGUM

**BÓKIÐ
EINKASKOÐUN**

**SÝNUM
SAMDÆGURS**

**GRÆNABORG OG HRAFNBORG.
VANDAÐAR OG UMHVERFISVÆNAR ÍBÚÐIR
Í FJÖLSKYLDUVÆNU UMHVERFI**

Nýjar þriggja til fjögurra herbergja íbúðir í Vogum. Stórar svalir sem bjóða upp á mikið útsýni. Loftræsting í öllum herbergjum, bæði inn og útblástur. Tenging fyrir rafhleðslustöð í bílastæði fylgir hverri íbúð.

Í Hrafnaborgum 5 eru minni íbúðir sem henta vel fyrstu kaupendum. Afar hagstæð verð fyrir glæsiíbúðir.

Verð frá **kr. 58.000.000** // Hlutdeildarlán í boði

ALLAR UPPLÝSINGAR VEITIR



Arinbjörn

Löggiltur fasteignasali

822 8574

arinbjorn@fastlind.is





Páll Þórðarson í Norðurkoti II hefur verið að dæla sjó af landareigninni allan sólarhringinn frá því um miðja síðustu viku. Dælan afkastar 10.000 lítrum á klukkustund eða 240.000 lítrum á sólarhring. Páll hefði viljað sjá dælnar sem almannavarnir eru með í Svartsengi notaðar til að dæla sjónum úr æðarvarpinu. Þær eru með 8 tommu lögn á meðan dælan hans Páls notast við tveggja tommu lögn.

Stöng sem sýnir hver sjávarhæðin var í tjörninni þegar dæling hófst.

Sjávarflóðin eyddu yfir 2300 æðarhreiðrum við Norðurkot

Sjávarflóðin um þarsíðustu helgi eyddu yfir 2300 hreiðurstæðum æðarfugls í landi Norðurkots II. Æðarbændur eru nú að dæla sjó af varpsvæðinu og víta ekki hvernig ástandið er á hreiðurstæðunum, hvort þau séu full af drullu og útlöft.

Sigríður Hanna Sigurðardóttir, Hanna Sigga, æðarbóndi í Norðurkoti II við Sandgerði, segir ábúendur aldrei hafa upplifað annað eins og í sjávarflóðunum í byrjun mánaðar. Varpvæði æðarfuglsins hafi allt farið á kaf í sjó í flóðunum um þarsíðustu helgi. Ábúendur í Norðurkoti II hafi ráðist í dælingu

á sjó í eigin reikning til að reyna að bjarga því sem bjargað verður. Kostnaðurinn við eldsneyti á dæluna nemi nú þegar tugum þúsunda króna.

Hanna Sigga vakti athygli á stöðunni á landareigninni um helgina og sýndi þar svart á hvítu hvað sjávartjörninn var gríðarlega stór

og mikil í samanburði við þá tjörn sem vanalega er á landareigninni. Hún benti á að aðeins sé um mánuður þar til æðarfuglinn fer í sína árlegu hreiðurgerð og varp.

Til að bregðast við ástandinu hafi verið keypt bensínknúin dæla með tveggja tommu stút sem hefur gengið dag og nótt síðustu sólarhringa við dælingu á sjó af landareigninni. Er áætlað að dælan afkasti um 10.000 lítrum á klukkustund. Hanna Sigga segist hafa viljað sjá dælar almannavara,

sem staðsettar eru í Svartsengi, til að dæla sjónum af landareigninni. Þær dælar eru með átta tommu stút og því margfalda dælugetu á við það sem þau eru sjálf að ráða við.

Hanna Sigga segir að það verði að koma í ljós hvernig hreiðurstæðin komi undan sjávarflóðunum, hvort það sé drulla í hreiðrunum og þau útlöft. Hún segist aldrei hafa séð annað eins ástand og eftir sjávarflóðin. Oft hafi komið sjór upp víkina og mikið í tjörnina

en ekkert í líkingu við það sem gerðist á dögnum. Það sé því töluverð óvissa í dag með varplandið þar sem voru rúmlega 2300 hreiður síðasta sumar.

SUÐURNESJABÆR

Hilmar Bragi Bárðarson
hilmar@vf.is



Urð og grjót!

Þessu grjóti skolaði upp úr fjörinni og langt inn í land í hamförnum um þarsíðustu helgi. Það er ljóst að það voru ógnarkraftar að verki við Sandgerði.



Urð og grjót gekk langt upp á land í sjávarflóðunum um þarsíðustu helgi. Hér er mynd tekin yfir hluta af æðarvarpinu í Norðurkoti II. Eins og sjá má eru þetta ekki spennandi hreiðurstæði fyrir æðarfuglinn en eftir um mánuð fer hann að huga að hreiðurgerð og í framhaldinu varpi.



Séð yfir Norðurkot II og hvernig var umhofs þar síðdegis á mánudag. Þarna hefur lækkað töluvert í sjávartjörnnum eftir flóðin miklu í byrjun mánaðarins. Frá því Páll Þórðarson hóf að dæla úr tjörnnum hafði yfirborðið lækkað um 12 sentimetra. Hann vill lækka tjarnirnar um 40 sentimetra. VF/Hilmar Bragi

BÚSTOÐ 50 ÁRA



AFMÆLISTILBOÐ

VIÐ ERUM 50 ÁRA 2025!

Í TILFNI ÞESS ÞJÓÐUM VIÐ

10-50 %

AFSLÁTT AF VÖLDUM

HÚSGÖGNUM OG GJAFAVÖRU Í MARS

TAKK FYRIR

VIÐSKIPTIN

SEINUSTU 50 ÁR

BÚSTOÐ

— síðan 1975 —

ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



G Ó S N Í R T A K E Ð A N R S
 A A T S I S E L Ð G H R Á A K
 R F R I P Æ Ó P R A S T Ð M Á
 Ð T A N Æ K J U N Á Ý A Ð M L
 S U B A U H K D E N L S F U D
 J R R R G S F Á B B Ð E R R A
 Ó A O H R Æ S I R É R U S K S
 R L B O R B Ð A H Ð M I Í Æ U
 T Æ P I E S G S A R T V Á Ð Ð
 E Ð Ð S B N R T O S A G L I R
 T A Ó Á I U Ö T Ú L J Ó Ð A R
 S S G M M S S B F J H A T S A
 Ú T R R K A T E Ð L U R N A K
 R E O U E G K L I K E Ó T S A
 F G R T S A R Ú R T Á M Ð E B

FERMINGARBLAÐ
 KLÓKUR
 FERÐATÖSKUR
 HANDFÆRI
 LJÓB
 KEFLAVÍK
 LÆÐAST
 ÞORSKUR
 TERTA
 GARÐSJÓR

TRÚR
 KATRÍN
 KÆNA
 SKÁLDASUÐ
 RÉRI
 LESIST
 AFTUR
 BAKAR
 SAGA
 KRUMMAR

Gangi þér vel!

Samstarf Suðurnesjabæjar við björgunar-sveitirnar Ægi og Sigurvon

Suðurnesjabær hefur lengi átt í mjög góðu samstarfi við Björgunarsveitirnar Ægi og Sigurvon, enda björgunarsveitirnar mikilvægar samfélögum eins og Garði og Sandgerði sem mynda Suðurnesjabæ.

Nú nýverið voru endurnýjaðir samstarfssamningar við báðar sveitirnar. „Suðurnesjabær lýsir sérstakri ánægju með það, um leið og björgunarsveitirnar fá einlæg þakkir fyrir þeirra störf og framlag til samfélagsins. Starfsemi björgunarsveita er borin uppi af fjölmörgum sjálfbodaliðum og fá þeir allir góðar þakkir fyrir þeirra framlag, en sjálfbodaliðar björgunarsveitanna eru alltaf tilbúnir til aðstoðar ef þörf krefur og sinna fjölbreyttum verkefnum allt eftir aðstæðum hverju sinni,“ segir í tilkynningu sem Suðurnesjabær sendi frá sér við undirritun samstarfssamninga við björgunarsveitirnar.



Magnús Stefánsson bæjarstjóri og Ingólfur E. Sigurjónsson formaður Björgunarsveitarinnar Ægis.



Magnús Stefánsson bæjarstjóri og Jón Þ. Þinnsson Hansen formaður Björgunarsveitarinnar Sigurvonar.

SUÐURNESJA **VF** **magasín**

Sigrún Lína fann blóðföður sinn

Bílaviðgerðir
Smurþjónusta
Varahlutir

BÍLAR & PARTAR

Brekustíg 38 - 260 Njarðvík
sími 421 7979
 www.bilarogpartar.is

Rétturinn

Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Opið: **11-13:30**
 alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

vf.is

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is //

Mars er mesti aflamánuðurinn

Þá er mars mánuðurinn kominn í gang en sá mánuður hefur alltaf í gegnum tíðina verið sá mánuður á árinu og sérstaklega yfir vetrarvertíðirnar, sem langmestum afla hefur verið landað á einum mánuði, og oft á tíðum voru ævintýralegar aflatölur um bátana sem voru á veiðum í mars.

Þessi mars mánuður byrjaði með smá brælutíð en núna síðustu daga hefur veðrið verið mjög gott og bátarnir hafa komist nokkuð duglega á sjóinn.

Eins og undanfarin ár kemur floti af handfærabátum og þeir hafa verið margir á veiðum við Garðskagavita og ekki bara bátar frá Sandgerði og Keflavík, því við Garðskagavita hafa líka verið bátar frá Hafnarfirði og alla leið frá Akranesi, en töluverð sigling er frá Akranesi þvert yfir Faxaflóann og út að Garðskagavita.

Veiðin hjá bátunum þar er búin að vera mjög góð og nú breyti ég aðeins til og fjalla ekki bara um báta sem landa á Suðurnesjum, heldur lít ég á handfærabátana sem hafa verið við veiðar við Garðskagavita, t.d Skarphéðinn SU sem er með 7,5 tonn í þremur róðrum, mest 3,7 tonn og landað á Akranesi. Þar kom líka Guðmundur Þór NS með 2,8 tonn í einum róðri. Kristján SH með 5,9 tonn í þremur og mest 2,4 tonn, landað í Hafnarfirði. Síðan koma bátar í Sandgerði, Huld SH með 7,1 tonn í þremur róðrum og mest 3,1 tonn og má geta þess að Huld SH landaði tvisvar í Sandgerði sama daginn, kom fyrst með 3,1 tonn í land, fór strax aftur út og kom þá með um 1 tonn. Sella GK með 6,5 tonn í tveimur og mest 3,6 tonn. Fagravík GK með 5,2 tonn í tveimur, mest 2,7 tonn.

Hérna að ofan eru nokkrir bátar nefndir en þeir áttu allir sameigin-



AFLAFRÉTTIR

Gisli Reynisson
 gisli@aflafrettir.is



legt að vera við veiðar við Garðskagavita.

Reyndar voru ekki allir þar því Agla ÍS hefur verið í Röstinni við Reykjanesvita að eltast við ufsa og gengur nokkuð vel hjá honum, kominn með um 4,3 tonn í þremur róðrum, mest um 2,5 tonn.

Lítum aðeins á netabátana núna í byrjun mars, þá er Erling KE kominn með 77,1 tonn í fjórum róðrum og mest 25,2 tonn. Friðrik Sigurðsson ÁR með 46 tonn í þremur og mest 19,1 tonn. Halldór Afi KE með 10,4 tonn í fjórum og Addi Afi GK með 16,7 tonn í fimm róðrum.

Hjá togurunum kom frystitogarinn Baldvin Njálsson GK til Hafnarfjarðar með 742 tonn af nokkuð blönduðum afla, mest var af ýsu í aflanum eða 446 tonn. 165

tonn voru af þorski og 69 tonn af karfa.

Tómas Þorvaldsson GK kom líka til Hafnarfjarðar og var með 937 tonn og var það líka nokkuð blandaður afli. Mest af þorski, 394 tonn, 170 tonn af ýsu, 137 tonn af karfa og 129 tonn af gulllaxi.

Af ísfisks togurunum kom Hulda Björnsdóttir GK með 93 tonn, Áskell ÞH með 91 tonn, báðir eftir eina löndun og báðir lönduðu í Hafnarfirði.

Hjá dragnótábátunum þá byrjar mars frekar rólega en Siggí Bjarna GK er kominn með 17,7 tonn, Aðalbjörg RE með 15,7 tonn, Benni Sæm GK með 8,8 tonn, allir eftir tvo róðra, og Sigurfarí GK var með 13,6 tonn í þremur róðrum.

vf.is

Fermingargjafir

í úrvali á Hafnargötu

Verið velkomin

í A4 Reykjanesbæ,
Hafnargötu 27a.
Opið virka daga 9 - 18,
og laugardaga 10 - 17



ÍSLENSKA
ÁNÆGJUÖGIN



A4+

Magnús Scheving kom á handahlaupum upp á svið á frumsýningunni!

Ef myndin prentast vel má sjá Magnús á handahlaupum á sviðinu.

Íþróttaálfurinn himinlifandi með uppfærslu Leikfélags Keflavíkur



Bað leikarahópnum út að borða á ROK!

Það var sannarlega pressa á leikarahópi Leikfélags Keflavíkur á frumsýningu á Glanna glæp í Latabæ síðasta föstudagskvöld. Sjálfur íþróttaálfurinn og höfundurinn, Magnús Scheving, var á frumsýningunni og skemmti sér konunglega yfir uppfærslunni. Í lok sýningar, þegar leikarahópnum hafði verið klappað lof í lófa, kom Magnús á handahlaupum upp á svið. Hafði greinilega engu gleymt af hlutverki sínu sem íþróttaálfurinn, bæði á sviði og ekki síður í sjónvarpsþáttunum um Latabæ. Magnús var svo ánægður með leikarahópinum og frammistöðuna að hann bauð öllum út að borða á veitingastað sinn, ROK.

Uppfærsla Leikfélags Keflavíkur á Glanna glæp í Latabæ er stórgóð. Latibær eldist vel og Brynja Ýr Júlíusdóttir leikstjóri gerði skemmtilegar uppfærslur úr 1999 útgáfunni yfir í 2025 útgáfuna. Stína símalína er komin með nýjstu símtækni og þjónustur og gott ef það var ekki vísun í Póstinn Pál á einum stað í verkinu. Þá bregður fyrir TEMU, Wolt og ýmsu öðru sem fulloröna fólkíð hefur gaman af þegar það fer með börnunum sínum á Glanna glæp í Latabæ.

Uppfærsla Leikfélags Keflavíkur er stórgóð og full ástæða til að hvetja Suðurnesjafólk til að skella sér í leikhús og eiga skemmtilega stund með unga fólkinu. Frábær leikhópur þar sem allur texti skilar sér vel til áhorfenda.



Texti og myndir: Hilmar Bragi Bárðarson

Söngur, dans og gleði í Latabæ!



KEF RESTAURANT

Fallegu salirnir okkar eru tilvalinn vettvangur fyrir fermingarveislur, útskriftir, veislur og aðrar samkomur.

Við bjóðum upp á fjölda matseðla, m.a. smáréttarhlaðborð, kökuveislur og steikarhlaðborð. Einstök aðstaða með allri nýjustu tækni fyrir myndasýningar, ræður og fleira.

Leyfðu okkur að sjá um viðburðinn ykkar svo þið getið einfaldlega slakað á og notið augnabliksins.

Eigum nokkrar dagsetningar lausar. Hafið samband við okkur á restaurant@kef.is til að tryggja veislusalinn ykkar í dag. Frekari upplýsingar á www.kefrestaurant.is



A að halda veislu?
Leitaðu ekki lengra en KEF Restaurant





Kemur með öðruvísi reynslu inn á alþingi Íslendinga

Safnarinn, sjómaðurinn og sjónvarpsmaðurinn Sigurður Helgi Pálmason flutti til Keflavíkur fyrir þremur árum og er nýjasti alþingismaður Suðurnesjamanna.

Sigurður Helgi Pálmason er einn af tengdasonum Reykjanesbæjar. Hann flutti í bæinn árið 2021, fór að vinna hjá Byggðasafni Reykjanesbæjar, undi hag sínum sáttur en örlögin leiddu hann að pólitíkinni. Hann tók annað sæti á lista Flokks fólksins í Suðurkjördæmi og rauk inn á þing í síðustu alþingiskosningum. Að setjast á Alþingi er víst talsvert öðruvísi vinna en fólk vinnur dags daglega, Sigurður hefur þurft að setja sig inn í fjölmörg mál en gerir það á sinn máta. Hann segist aldrei ætla þykjast vita allt, heldur setja sig inn í málin og mynda sér málefnalega skoðun. Eins og nafn flokks hans ber með sér, hann er mættur á Alþingi til að vinna fyrir fólk.

Sigurður kemur með óvenjulega reynslu inn á Alþingi. Reynsla hans kemur úr skóla lífsins. Hann glímdi við lesblindu þegar hann var ungur svo hefðbundin skólaganga var ekki það sem hentaði honum best og líf hans þróaðist á þann máta að grunnskólaprófið er hans eina prófskrifteini. Hins vegar hefur hann prófað margt atvinnulega séð og tamdi sér ungur að ekkert er ómögulegt og hann lætur vaða.

Hvernig kom það annars til að hann ákvað að sækjast eftir þingsæti?

„Aðstæður í minni fjölskyldu urðu þess valdandi að ég þurfti að glíma við heilbrigðiskerfið og ég kynnti mér málin til hlítar. Ég hafði samband við Ingu Sæland, formann Flokks fólksins og lærði fullt af henni. Ég bauð henni aðstoð mína og þegar ég var að vinna að sjónvarpsþáttunum mínum, Fyrir alla muni, kom Stuðmaðurinn og þáverandi alþingismaður Flokks fólksins, Jakob Frímagn Magnússon, í viðtal. Í spjalli við hann áttaði ég mig á að hugsanlega væri réttast fyrir mig að sækjast eftir að gerast þingmaður og í raun gerðust hlutirnir hratt á þessum tímamarki.“

Ríkisstjórninni var slitið daginn eftir að ég hitti Jakob, ég hafði samband við oddvita Flokks fólksins í Suðurkjördæmi, Ástu Lóu Þórsdóttur, og af stað var haldið! Fljótlega ákvað hún að ég myndi taka annað sætið og kosningabaráttan hófst. Ég ákvað að reyna hitta sem flesta og reiknast til að ég hafi keyrt um sex þúsund kílómetra á þessum mánuði!“

Við Ásta ákváðum að hætta með hefðbundnar kosningaræður með hljóðnema, vildum frekar setjast niður með fólkinu og tala við það og vorum mjög ánægð með hvernig það kom út. Ég skal alveg viðurkenna að fyrstu dagana var ég smeykur um að hafa verið að færast af mikið í fang, hvort þetta væri ekki allt of stórt verkefni fyrir mig

en áttaði mig síðan á að Alþingi á að vera þverskurður þjóðfélagsins.“

Það þarf fólk eins og mig, fyrir fólk eins og þig

„Til að Alþingi virki þarf fólk eins og mig þangað inn. Ég kem með allt öðruvísi reynslu og hugsanlega aðra nálgun en vaninn er og ég mun einsetja mér að þykjast aldrei vita svarið ef ég veit það ekki. Ég mun afla mér fróðleiks um viðkomandi mál, sjá þau frá mismunandi sjónarhornum og taka svo vel upplýsta ákvörðun. Þetta var mjög erfitt fyrstu vikurnar en ég hef fundið mínar aðferðir við að komast vel inn í málin svo ég get ekki sagt annað en þingstarfið leggist mjög vel í mig. Í grunninn er ég ekki mjög pólitískur og hef tamið mér að kjósa fólk en ekki flokka, þess vegna má kannski segja að ég passi vel innan raða Flokks fólksins. Ég er ekki hrifinn af vinstri, hægri eða miðju snú í pólitík. Málefni eiga að snúast um akkúrat það, málefnið, og við eigum ekki að mynda okkur skoðun út frá hvort við teljum



okkur vera til vinstri, hægri eða í miðju í okkar pólitísku skoðun.“

Hvað er mikilvægast fyrir Suðurnes?

Sigurður telur að þegar sest er á Alþingi, þurfi oft að setja til hliðar það sem viðkomandi hafi lært eða myndað sér fyrirfram skoðun á. Þingmenn þurfi að vera með breiða sýn á málefnið.

„Stjórnmalámennt geta ekki vitað allt og þeir eiga að geta sagt að þeir viti ekki svarið við einhverri spurningu. Það fer ekkert eins mikið í taugarnar á mér og ef svarað er út í loftið, bara svo að það líti út fyrir að aldrei sé komið að tómunum kofanum hjá viðkomandi. Stjórnmalámaðurinn á að geta sagt að hann viti ekki svarið en hann ætli sér að gera allt sem í valdi hans stendur til að komast að því. Ég mun temja mér slík vinnubrögð og vinna að heilindum.“

Varðandi brýnustu málin hér á Suðurnesjum, þá tók ég eftir því þegar ég fluttist í bæinn árið 2021 að innflytjendamálin voru í ólestri því Reykjanesbær þurfti að taka á móti miklu fleiri innflytjendum en innviðirnir réðu við. Þetta vissu allir og sem betur fer virðast þessi mál vera komin í betra jafnvægi í dag.

Fólksfjöldun er hvergi eins mikil og hér og það blasir við að efla þarf atvinnustarfsemi. Ég myndi vilja sjá miðbæinn blómstra með öflugum fyrirtækjum og þjónustu þar. Ég er ekki búinn að mynda mér skoðun á sameiningu sveitarfélaganna, það eru mjög skiptar skoðanir varðandi það og hvað sé brýnast fyrir Reykjanesbæ og Suðurnesin. Þess vegna finnst mér svo mikilvægt að eiga samtalið við fólk á svæðinu, heyra hvað það telji brýnast. Ég er varla búinn að slíta barnsskónum inni á Alþingi, ég hef ekki búið í Reykjanesbæ nema

”

... Ég skal alveg viðurkenna að fyrstu dagana var ég smeykur um að hafa verið að færast of mikið í fang, hvort þetta væri ekki allt of stórt verkefni fyrir mig en áttaði mig síðan á að alþingi á að vera þverskurður þjóðfélagsins. Til að alþingi virki þarf fólk eins og mig þangað inn, ég kem með allt öðruvísi reynslu og hugsanlega aðra nálgun en vaninn er og ég mun einsetja mér að þykjast aldrei vita svarið ef ég veit það ekki. ...

í rúm þrjú ár og er þess vegna ekki djúpt inni í öllum málum en ég hlakka til að setja mig inn í þau,“ segir Sigurður.

Sannfærður um framtíð Grindavíkur

Málefni Grindavíkur hafa verið ofarlega á baugi í nýja ríkisstjórnarsamstarfinu, Sigurður hefur talsvert verið í Grindavík og kynnt sér málin.

„Ég hef talsvert farið til Grindavíkur og hitt íbúa þar. Ég reyni að veita þeim eins miklar upplýsingar og ég get. Ég segi við Grindvíkinga eins og alla aðra, þeir sem kjósa að búa í Grindavík eru fullorðið fólk og eiga að fá að taka þessa ákvörðun sjálf. Grindvíkingar þekkja svæðið eins og fingurna á sér, þekkja allar útgönguleiðir ef eitthvað kemur upp á, svo í mínum huga á að leyfa fólki að ákveða þetta sjálf. Það á að taka tímamörkin af Þórkötlúrræðinu, þ.e. að Grindvíkingurinn þurfi ekki að taka svo stóra ákvörðun um að selja húsnæði sitt fyrir 31. mars næstkomandi. Ég hef ekki séð rökin fyrir því að þetta úrræði eigi einfaldlega ekki að vera í boði á meðan ástandið í Grindavík er eins og það er. Ég eins og aðrir vona að ekki verði annað gos, að þessu sé einfaldlega lokið því ég er sannfærður um að Grindavík mun byggjast hratt og örugglega upp þegar náttúran gefur grið. En hvort





Spariklæddur og tilbúinn í nýtt starf, á alþingi Íslendinga.

Þessu er lokið er aukaatriði í huga sumra, þeim Grindvíkingum sem búa í bænum er alls ekki ógnað að þeirra mati. Þeir benda á þá staðreynd að aldrei hefur gosið undir Grindavík og varnargarðarnir breyta öllu. Kannski er eitthvað til í því en auðvitað yrði best að þessu ljúki, það gefur auga leið.“

Vendipunktur í unglíngavinnu á Vopnafirði

Sigurður Helgi ólst upp í Garðabæ en um tíma fluttu foreldrar hans á Vopnafjörð, þaðan sem faðir hans er. Hann lærði að vinna á Vopnafirði en þurfti að læra á erfiðara mätann má segja.

„Ég mætti fyrsta daginn í unglíngavinnunni og var hreinlega rekinn. Verkstjórnin sagðist engin not hafa fyrir mig og ég mátti fara heim með skottið á milli lappanna og man hversu mikið ég skammast af min. Svo hringdi hann um kvöldið og sagðist vera tilbúinn að gefa mér annað tækifæri. Þegar ég mætti daginn eftir skýrði hann út fyrir mér af hverju hann hefði rekið mig og þetta er ein sú besta lexía sem ég hef fengið á lífsleiðinni held ég bara, þarna lærði ég að vinna. Við pabbi fluttum svo á Árskógsströnd og þar vann ég í saltfiski og ég prófaði að fara á sjó en önnur eins sjóveiki hafði varla sést! Þetta var opið línuskip og við fórum í snælduvitlausu veðri, það slæmu að ákveðið var að hætta að draga línuna og halda í skjól. Ég ældi stöðugt, hvort sem ég var að vinna eða á frívakt og held ég geti haldið því fram að sjóveiki er einhver sú agalegasta veiki sem til er! Sjómannsferillinn var því stuttur en ég lærði mikið af því að vinna hjá þessum útgerðarmanni, Pétri en hann var líka með saltfiskverkunina. Hann kenndi mér að vaða

einfaldlega í verkin, ekki bíða eftir skipun og sýna gott frumkvæði, ég vil meina að það hafði fylgt mér í gegnum lífið. Ég hef alltaf verið óhræddur við að takast á við nýjar áskoranir og ég einfaldlega sannfæri sjálfan mig um að ég muni finna út úr hlutunum og klári verkefnið. Við eigum þetta eina líf og ég vil ekki þurfa hugsa til baka að ég hefði átt að prófa hitt eða þetta, að þurfa ekki að segja; „ég vildi að ég hefði,“ ég vil frekar geta sagt að ég reyndi. Maður má aldrei vera hræddur við að gera mistök, þau eru til þess að læra af þeim. Það er allt í góðu að skipta um skoðun, það er miklu erfiðara að hafa ekki upplifað að segja, „nei, þetta á ekki við mig.“

Flugþjónn og safnstjóri Seðlabankans

Um tíma ætlaði Sigurður sér að verða gullsmiður, var kominn í Iðnskólann en sá þá auglýsingu hjá Air Atlanta. Sigurður er frekar unglegur í dag en á þessum tíma þegar hann var tvítugur, leit hann út fyrir að vera tíu ára. Aldurstakmarkið var 24 ára svo hann fékk ekki boð um að mæta á námskeið fyrir en annar umsækjandi hætti við. Fljótlega bauðst honum svo að bregða undir sig betri fætinum og fór til Nígeríu og var þar í sex ár.

„Þetta er einn besti skóli sem ég hef gengið í gegnum á lífsleiðinni; að standa tvítugur á eigin fótum í Nígeríu. Ég flaug vítt og breytt um heiminn, upplifði alls kyns hluti og kom heldur betur ríkari maður heim eftir þetta ævintýri. Ég var stundum sjó mánuði úti í einu og þarna fann maður á eigin skinni hversu gott er að búa á Íslandi. Munurinn á búsetuskilyrðum Nígeríumanna og Íslendinga er gríðarlegur. Ég hringdi oft í Arngrím, þáverandi eiganda Atlanta

”

... Þegar herinn kom hingað þá jókst atvinnustigið til muna en hann skyldi líka eftir sig sviðna jörð þegar hann fór í burtu. Á meðan herinn var hér þá leið sjávarútvegurinn á svæðinu fyrir það og Keflavík og Njarðvík fengu ekki sama stuðning og önnur sveitarfélög með þeim rökum að þau hefðu herinn. ...



Með flokksfélögnum Ragnari Þór og Ásthildi Lóu en hún er í 1. sæti í Suðurkjördæmi, Sigurður er í 2. sæti.



Sigurður og fjölskylda býr í Sigvaldahúsi.

og þakkaði honum fyrir þessa reynslu sem var í alla staði frábær. Eftir sex ár sneri ég svo heim og stóð á krossgötum má segja, fannst ég vera búinn að missa af lestinni í gullsmiðinni.

Ég byrjaði að vinna í pósthúsi fyrir Íslandspóst en speki sem ég hef reynt að hafa að leiðarljósi er að öll vinna er góð vinna, maður eigi að vera þakklátur fyrir að hafa vinnu. Ég vann mig upp hjá Íslandspósti, var kominn yfir til TNT hraðflutninga en við hrúnið urðu breytingar og ég fann að ég var orðinn leiður, var mikið farinn að grúska í gömlum seðlum og myntum og vildi gera eitthvað með það. Ég sagði því upp hjá TNT, prófaði eitthvað annað og opnaði svo verslun á Hverfisgötunni sem hét Safnaramiðstöðin. Þar komst ég að því að það er ekki öllum gefið að reka fyrirtæki, þótt þú hafir allan áhuga í heimi á viðkomandi rekstri. Ég lokaði því búðinni en var búinn að sanka að mér mikilli þekkingu á opinberum íslenskum gjaldmiðlum og erlendum gjaldmiðlum og sótti því um stöðu safnstjóra hjá Seðlabanka Íslands og Þjóðminjasafni Íslands. Ég var eini ómenntaði umsækjandinn en fékk samt stöðuna, sem fólst mest í að skrá, ljósmynda og miðla upplýsingum úr safninu og endurnýja gamlar skráningar. Fljótlega var ég svo kominn í að ljósmynda alla starfsmenn Seðlabankans en ljós-

myndun hefur alltaf verið mikið áhugamál hjá mér, ég vil helst taka myndir á eldgarmlar filmumyndavélar. Þessi ár hjá Seðlabankanum voru frábær, þarna vinnur ótrúlega klárt fólk sem var tilbúið að deila með mér hvað þau voru að sýsla, ég sem skildi hvorki upp né niður fékk tækifæri til að skilja þessa hluti betur. Safninu var svo lokað árið 2021 svo þessum sex ára tíma hjá Seðlabanka Íslands lauk og ég fluttist til Reykjanesbæjar,“ segir Sigurður Helgi.

Reykjanesbær og Byggðasafnið

Sigurður segist hafa verið á báðum áttum með að flytja til Reykjanesbæjar en strax á fyrsta degi tók hann ástföstri við bæjarfélagið.

„Konan mín, Ragnheiður Möller, er frá Reykjanesbæ en ég bjó í 101 á móti Þjóðleikhúsinu þegar við kynntumst. Ég var alls engin miðbæjarrotta eins og það er stundum kallað en labbið í vinnuna í Seðlabankann var örstutt svo það hentaði ágætlega að búa þar. Þegar þeim kafla lauk stakk konan mín upp á að við hæfum búskap í Reykjanesbæ. Þegar hugmyndin var borin upp var ég alls ekki viss, ég var ekki með neina tengingu inn í bæinn og fannst ég ekki vita hvað ég væri að fara út í. Fyrstu kvöldin fóru í að labba um bæinn og ég féll strax fyrir honum. Ég bý í öðru af tveimur Sigvaldahúsum í Reykja-

nesbæ en Sigvaldi var mjög þekktur arkitekt á Íslandi. Húsið sem ég bý í er talið eitt merkasta húsið sem hann hannaði á sínum tíma en það var byggt árið 1955. Hér var ég fljótur að kynna fólk og það er vinalagt að geta heilsað nánast öðrum hvorum manni þegar farið er í BYKO til dæmis.

Á þessum tíma var ég búinn að vera gera sjónvarpsþættina Fyrir alla muni og samdi auk þess alla tónlist í þættina. Það er hins vegar erfitt að lifa eingöngu af sjónvarpsþáttagerð á Íslandi svo ég þurfti að finna mér aðra vinnu og sá stöðu auglýsta í Byggðasafni Reykjanesbæjar og hóf störf þar árið 2023. Þetta er algerlega stórkostlegt safn í mínum huga og ég sókkti mér í sögu bæjarins. Ég keypti mér bækur og las mér til um bæinn, ég vissi t.d. ekki að Keflavík var bær, þ.e. húsið hét Keflavík og tónið er enn þá til. Ég er ekki viss um að allir geri sér grein fyrir hversu mikið Keflvíkingar hafa þurft að ganga í gegnum. Þegar herinn kom jókst atvinnustigið til muna en hann skyldi líka eftir sig sviðna jörð þegar hann fór. Á meðan herinn var hér leið sjávarútvegurinn á svæðinu fyrir það. Keflavík og Njarðvík fengu ekki sama stuðning og önnur sveitarfélög með þeim rökum að þau hefðu herinn. Þá reis einkaframtakið upp og hafnir voru byggðar, hér hefur alltaf búið harðduglegt fólk og ég er sannfærður um að Reykjanesbær og öll Suðurnesin muni blómstra í nánustu framtíð.

Ég er búinn að ákveða að helga næstu fjögur ár í lífi mínu þingmannsstarfinu. Hingað til hef ég kunnað mjög vel við mig og ég hlakka til að vera til reiðu fyrir fólk í kjördæminu. Það má hringja til mín, gsm númerið mitt er á heimasíðu Alþingis og fólk getur sent mér tölvupóst. Ég mun kappkosta að gera mitt besta til að aðstoða fólk, ég mun ekki þykjast hafa lausnir við öllu en mun leggja mig fram við að greiða úr málum. Ég hlakka til næstu ára, ég mun standa með fólkinu,“ sagði Sigurður Helgi að lokum.



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson sigurbjorn@vf.is



Ég hlakka til næstu ára, ég mun standa með fólkinu,“ sagði Sigurður Helgi.



■ Ágúst Fannar Ástþórsson fermist í Keflavíkirkirkju 4. maí:

Vildi fræðast meira um Jesú

Hvað þýðir fermingin fyrir þig og af hverju ákvaðst þú að fermast? Fyrir mér þýðir ferming að staðfesta skýrnina. Ég ákvað að fermast því ég er trúður og vildi fræðast meira um Jesú krist.

Hvernig hefur undirbúningurinn verið og hvað hefur verið skemmtilegast við hann?

Það hefur gengið vel og það var skemmtilegast þegar við fórum í Vatnaskóg.

Hvers hlakkar þú mest til á fermingardaginn sjálfan?

Ég hlakka til altarisgöngunnar og að hitta allt fólkið mitt.

Ef þú gætir fengið hvaða gjöf sem er í fermingargjöf, hvers myndir þú óska þér?

Ferð til útlanda á fótboltaleik hjá Liverpool eða fara á tónleika.

Hvernig heldurðu að þú eigir eftir að muna eftir þessum degi þegar þú lítur til baka eftir nokkur ár?

Fermingar dagurinn verður mjög eftirminnilegur og ég mun fá að hitta alla fjölskylduna og vini.

■ Gunnlaugur Sturla Olsen fermist í Keflavíkirkirkju 4. maí:

Hlakkar til að hitta alla á fermingardaginn

Hvað þýðir fermingin fyrir þig og af hverju ákvaðst þú að fermast? Svo ég sé heiðarlegur þá er þetta eitthvað sem flestir í 8. bekk gera en það hefur samt verið gaman að fræðast um trúna og kynnst starfi kirkjunnar og prestunum og líka verið gaman að fara í kvöldmessur á sunnudögum. Þetta verður líklega hátiðleg stund með skemmtilegum minningum.

Hvernig hefur undirbúningurinn verið og hvað hefur verið skemmtilegast við hann?

Fróðlegir fermingafræðslutímar einu sinni í viku ásamt messum en toppurinn var fermingarferðalagið í Vatnaskóg.

Hvers hlakkar þú mest til á fermingardaginn sjálfan?

Að halda veislu og hitta alla og vera með bekkjarfélögum mínum á þessum merkis degi!

Ef þú gætir fengið hvaða gjöf sem er í fermingargjöf, hvers myndir þú óska þér?

Ferð til útlanda og nýja myndavél.

Hvernig heldurðu að þú eigir eftir að muna eftir þessum degi þegar þú lítur til baka eftir nokkur ár?

Vonandi mjög góðar minningar frá eftirminnilegum degi!



Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

vf.is



AÐALFUNDUR FÉLAGS STJÓRNENDA

Boðað er hér með til aðalfundar Félags stjórnenda en hann verður haldinn í Hlíðarsmára 8, 201 Kópavogi þann 2. apríl næstkomandi.

Matur verður í boði fyrir fundarmenn við setningu kl 19:00. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á stjornandi@stjornandi.is

Dagskrá fundarins:

- Venjuleg aðalfundarstörf.
- Lagabreytingar.
- Kosning stjórnar.
- Kosning orlofsnefndar.
- Önnur mál.

Framboð til stjórnar skal berast skriflega á stjornandi@stjornandi.is 14 dögum fyrir settan aðalfund.

Störf í boði hjá Reykjanesbæ



Grunn- og leiksskólar Reykjanesbæjar

Upplýsingar um yfir 30 störf í grunn- og leikskólum má finna á vef Reykjanesbæjar, reykjanesbaer.is

Vinnuskóli Reykjanesbæjar

Leiðbeinandi 100% starf
Leiðbeinandi 50% starf
Umsjónaraðili verklegs starfs (Yfirflokkstjóri)
Leiðbeinandi ungmenna með sértækar stuðningsþarfir

Ævintýrasmiðjan

Leiðbeinandi
Umsjónarmaður

Velferðarsvið

Dagdvalir aldraða, sumarafleysingar
Búsetuúrræði fyrir fatlaða í Aspardal, sumarstarf
Sumarstarfsmaður í heima- og stuðningsþjónunstu
Einstaklingsstuðningur fyrir 8 ára barn

Umhverfismiðstöð

Sumarstörf í skógrækt
Garðyrkjuhópur

Umhverfis- og framkvæmdasvið

Verkefnastjóri hjá byggingafulltrúa

Upplýsingar um laus störf má finna á reykjanesbaer.is



Fékk Biblíuna í fermingargjöf og las hana alla stuttu síðar

Jóngeir Hjörvar Hlinason hefur búið víða á sinni ævi en undanfarin tæp átján ár bjó hann í Vogum á Vatnsleysuströnd og tók þátt í bæjarpólitíkinni þar til fjölda ára. Hann hefur nýlega farið í hált starf og ákvað jafnframt að minnka við sig og flytja í blokk í Kópavogi, þar sem synir hans þrír og margir vinir og kunningjar búa á höfuðborgarsvæðinu. Hann ólst upp í Skagafirði, svo fluttist fjölskyldan til Reykjavíkur þegar Jóngeir var ellefu ára gamall og vesturbærinn varð fyrsti viðkomustaðurinn. Þaðan lá leiðin í Vogana, þó ekki Voga á Vatnsleysuströnd, heldur Vogahverfið í Reykjavík. Það var nýlega búið að færa Þrótt í hverfið en Jóngeir litur á sig sem KR-ing ef Þróttur í Vogum er tekinn út fyrir sviga.



Jóngeir er fæddur árið 1955. Eftir að hafa búið í Reykjavík ákvað hann að leggja land undir fót og flutti með eiginkonu sinni, Soffíu Melsted, til Svíþjóðar árið 1979, m.a. til að mennta sig, lærði hagfræði og viðskiptafræði. Eftir að þau komu heim árið 1985 bjuggu þau hér og þar á höfuðborgarsvæðinu, lengst af í Hafnarfirði, þar til að þau sáu ljósið og ákvaðu að flytja til Voga á Vatnsleysuströnd.

„Við ákváðum að flytja til Voga í desember 2006. Við gátum selt íbúðina okkar í Hafnarfirði og fengum fínasta raðhús á móti en við vorum líka búin að heyrja mjög góðar sögur af mannlífínu og fólkinu í Vogum og það reyndist svo sannarlega rétt. Eftir nokkur ár gaf ég mig að pólitíkinni og sat í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga frá árunum 2010 – 2022, fyrst sem varamaður en síðan sem aðalbæjarfulltrúi. Ég átti frábæran tíma í Vogum, eignaðist marga góða vini og á oft eftir að kíkja í heimsókn þangað, það tekur engan tíma að skjótast til Voga.

Varðandi fermingu mína þá fór hún fram í Neskirkju í vesturbæ Reykjavíkur á Pálmassunnudegi 13. apríl árið 1969. Það var sr. Frank M Halldórsson sem fermdi okkur en hann kenndi okkur líka kristinfræði í Hagaskóla. Mér fannst þetta áhugavert man ég, ég las mikið á þessum tíma og sökkti mér í fermingarfræðsluefnið en fræðslan fór fram í safnaðarheimilinu sem er í kjallaranum á Neskirkju. Ég man ekki eftir hvort farið var í



einhverja sérstaka fermingarfræðsluferð eins og tíðkast

í dag, alla vega hefur hún ekki verið eftirminnileg ef hún var farin.

Veislan var haldin heima hjá frænda mínum, bróður mömmu minnar, hann átti stærra húsnaði en við bjuggum í. Þær eru stærra veislurnar sem haldnar eru í dag, það voru ekki nema um 25 manns í veislunni að hámarki og þ.a.l. voru gjafirnar ekki það margar. Ég fékk skrifborð, skrifborðsstól og pennasett en eftirminnilegust er Biblían. Ég las hana alla stuttu eftir fermingu og hafði mikið gaman af, þetta er auðvitað fyrir tíma tölva og hvað þá símanna eins og þeir eru í dag, það var varla sjónvarp svo það var allt annar tími árið 1969 en er í dag. Maður þurfti að hafa ofan fyrir sér sjálfur og mín leið var lestur, ég las mjög mikið á þessum

tíma. Aðrar gjafir standa ekki ofarlega í minninu, jú kannski náttúrulegsbók með fullt af myndum af dýrum og öðru, svo fékk ég einhvern pening sem ekki var endilega algengt á þessum tíma.

Það sem var á boðstólnum í veislunni voru alls kyns tertur, flatbrauð og fleira gómsætt, þetta var hefðbundið á þessum tíma. Þetta var skemmtilegur dagur man ég.

Tveir elstu synir okkar Soffíu, Hlini og Þór voru fermdir í Hafnarfjarðarkirkju af sr. Gunnþóri Ingasyni og konu hans, sr. Þórhildi Ólafs, en sá yngsti, Freyr var fermdur í Kálfatjarnarkirkju af sr. Báru Friðriksdóttur. Þeirra fermingarveislur voru kaffiþóð sem haldnar voru á heimili okkar fyrir ættingja og vini. Í þessum veislum var boðið upp á hefðbundnar kaffiveitingar, brauðtertur, heitan rétt, fermingartertu og ekki má gleyma flatbrauði með hangikjöti sem er alltaf mjög vinsælt.

Öll þessi fermingarboð eru í minningunni ánægjustundir þar sem þessum áfanga í lífinu var fagnað með vinum og ættingjum,“ sagði Jóngeir að lokum.

”

Mér fannst þetta áhugavert man ég, ég las mikið á þessum tíma og sökkti mér í fermingarfræðsluefnið en fræðslan fór fram í safnaðarheimilinu sem er í kjallaranum á Neskirkju.

Við stækkum fermingargjöfina

Fermingarbörn og jafnaldrar fá allt að **32.000 króna** mótframlag og glaðning ef þau spara hjá okkur.

Við erum betri saman

Sígarettustrókar um allt í fermingunni

■ Öllu til tjaldað fyrir frumburðinn Lindu sem vildi ekki vera í fermingarkjól

Linda Gunnarsdóttir er líklega best þekkt sem Linda í Palómu. Hún er Njarðvíkingur og fermdist árið 1982 í Njarðvírkirkju. Búðina Palómu í Grindavík keypti Linda fyrir tæpum tuttugu árum síðan og eftir að hafa rekið hana með góðum árangri þar í bæ fram að rýmingu í nóvember 2023, hefur Linda komið sér vel fyrir á Grænásbrautinni á Fitjum. Þar geta mömmur og ömmur keypt fermingardressið, í sama kjarna geta fermingarpiltar, pabbar og afar keypt fötin í Marion, og til að skreyta fermingarsalinn er Mímósa nýbúin að opna í sömu byggingu.

Fermingarundirbúningurinn er Lindu minnisstæðastur.

„Ég veit ekki hvort það er ennþá þannig en í minningunni fórum við í fjölmargar fermingarferðir, þær voru ekki svo margar veit ég þegar ég fermdi strákana mína í Grindavík. Við vorum t.d. í Skálholti í fimm nætur og fórum einhverjar dagsferðir, þetta var mjög skemmtilegur tími. Eflaust var maður mest að fermast gjafanna vegna en ég reyndi að fylgjast vel með í fermingarfræðslunni.

Veislan var haldin heima og má segja að húsið hafi verið gert fókelt, öll rúm og húsgögn drifin út í skúr og sett upp borð og stólar svo fólk gæti setið. Þetta er á þeim tíma sem reykingar voru algerlega frjálssar svo sigarettustrókurinn stóð út úr flestum herbergjum. Ætli hafi ekki verið 80-100 manns í veislunni, þetta var fyrsta ferming foreldra minna en við erum tvær systurnar, mig minnir að veisla Pöllu systur hafi líka verið haldin heima. Mamma sýndi mikinn metnað í veislunni minni, var bæði



Linda Gunnarsdóttir fékk eftirminnilega gjöf frá foreldrum sínum.

með mat og kaffihlaðborð, segja má að hún hafi tjaldað öllu til fyrir frumburðinn en hvort sami metnaður hafi verið þegar sú yngri var fermd, skal ósagt látið hér og nú. Þetta var geggjaður dagur man ég.“

Fataskipti frá athöfn til veislu

Linda hefur aldrei verið mikil kjólakona, það kom bersýnilega í ljós á unga aldri.

„Ég samdi við mömmu, hún vildi endilega hafa mig í fermingarkjól í kirkjunni en þar sem ég hef alltaf verið nokkuð ákveðin, tókst mér að semja um að fara í annað dress í veislunni og var því í finum buxum og hvítri kögurpeysu. Ég hef aldrei verið mikið fyrir kjóla, vil frekar vera í finu pils í dag.

Eftirminnilegasta gjöfin er líklega gjöfin frá mömmu og pabba, ferð til frænku minnar í Ameríku,

n.t. til Virginia beach. Ferðin átti reyndar að vera lengri en ég var þó í mánuð í þessu landi tækiferanna, mjög skemmtileg ferð en svo kom upp heimþrá. Ég fékk líka flotta skartgrip, m.a. fallegan gullhring með steini í, ég á þann hring enn þann dag í dag. Ég fékk skrifborð frá ömmu og afa og einhverjar fleiri gjafir en það var ekki algengt þá að

fá pening í gjöf, sá litli sem ég fékk fór beint í einhverja fatabúð, þá var vinsælt að hoppa upp í rútu og fara til Reykjavíkur, klippa sig stutt og sumir fengu sér tattú.

Ég er búin að ferma þrisvar sinnum, Steinþór sem verður fertugur á næsta ári, Gunnar sem er 36 ára og Sigurður sem er átján í dag. Steinþór og Sigurður undir sama þaki þar sem Northen light Inn er í dag en sá staður var einu sinni veitingastaður og hét þá Hjá Jenný. Gunnars veisla var í Salthúsinu hjá Láka og þar var boðið upp á kaffiveitingar, í hin tvö skiptin dýrindis matur. Þessar veislur gengu vonum fram og synir mínir voru himinlifandi með veislurnar og aðallega gjafirnar, mig grunar að þeir hafi verið meira í þessu fyrir þær. Eitthvað segir mér að það sé talsvert öðruvísi að ferma stráka heldur en stelpur, minna tilstand, engar greiðslur eða eitthvað slíkt. Ég held líka að stelpurnar séu ekki eins mikið í fermingunni gjafanna vegna, eitthvað segir mér að þær spái meira í boðskapnum en strákarnir en hvað veit ég.

Ég hvet alla til að kikja á okkur, fullt af flottum fermingargjöfum, ég er t.d. með mikið úrval skartgripa og svo geta mömmurnar og



ömmurnar keypt fermingardressið hjá mér, fermingarstrákarnir, pabbarinn og afarnir geta versla allt hjá Maríu í Marion og ef það þarf að skreyta fermingarsalinn, er Mímósa í sömu byggingu,“ sagði Linda að lokum.



Á myndinni eru frá vinstri til hægri; Sunna Ösp Þórsdóttir, Halldóra Fanney Jónsdóttir, Hugi Halldórsson, Auður Erla Guðmundsdóttir og Vigdís Guðjónsen.

Þrjú ráðin í nýtt markaðsteymi Samkaupa

Samkaup styrkir markaðsteymið með þremur ráðningum í nýja markaðsdeild fyrirtækisins. Ráðningarnar eru liður í stefnumótun sem felur í sér aukna áherslu á markaðsmál með stofnun nýrrar markaðsdeildar sem starfar þvert á verslanir og vörumerki fyrirtækisins.

Haldóra Fanney Jónsdóttir, Auður Erla Guðmundsdóttir og Sunna Ösp Þórsdóttir hafa verið ráðnar sem sérfræðingar inn á nýstofnaða markaðsdeild Samkaupa. Þar starfa fyrir Vigdís Guðjónsen, markaðsstjóri Nettó sem mun leiða nýja deild og Hugi Halldórsson, viðskiptastjóri Vildarkerfis Samkaupa og staðgengill markaðsstjóra Kjör- og Krambúðanna. Halldóra Fanney og Auður Erla mæta nýjar til leiks til Samkaupa en Sunna Ösp starfaði áður í upplýsingatæknideild fyrirtækisins og færir því yfir í nýja deild. Þær hafa allar hafið störf.

Haldóra Fanney Jónsdóttir hefur tekið við stöðu verkefnastjóra markaðsmála hjá Samkaupum og mun stýra verkefnum þvert á verslanamerki Samkaupa. Hún kemur til fyrirtækisins frá flugfélaginu PLAY þar sem hún starfaði í markaðsdeild flugfélagsins og stýrði ólíkum verkefnum, allt frá viðburðum, auglýsingum og kvikmyndatökum. Halldóra hefur bakgrunn í verkefnastjórn, þróun þjónustulausna, markaðssetningu og mannauðsmálum. Halldóra er með meistaraáráðu í mann-

auðsstjórnun frá Háskólanum í Reykjavík og BA gráðu í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands.

Auður Erla Guðmundsdóttir hefur hafið störf sem grafískur hönnuður í nýrri markaðsdeild Samkaupa. Hún kemur frá auglýsingastofnunni Key of Marketing þar sem hún starfaði sem grafískur hönnuður. Áður hefur hún starfað sjálfstætt sem grafískur hönnuður og sem sjálfstætt starfandi tulkur fyrir Axtent tülkaþjónustu. Hún hefur breiðan bakgrunn í grafískri hönnun og reynslu í samskiptum og markaðsmálum. Auður er með BA gráðu í grafískri hönnun frá Marbella Design Academy og lokið námskeiði í samfélagstúlkun frá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

Sem liður í skipulagsbreytingum og stefnumótun innan Samkaupa hafa vefmál fyrirtækisins verið færð nær markaðsmálum og heyrir vefstjóri Samkaupa nú undir nýstofnaða markaðsdeild.

Sunna Ösp Þórsdóttir er því nýr vefstjóri í markaðsdeild. Hóf hún störf hjá Samkaupum í maí árið 2024, þá í upplýsingatæknideild. Sunna er vefhönnuður úr

Vefskólanum, en hún nam einnig grafíska hönnun í Tækniskólanum. Áður starfaði hún við stafræna hönnun hjá Krýsuvík og einnig sjálfstætt að ýmsum hönnunarverkefnum, þar á meðal vefsíðu- og viðmótshönnun. Sunna bætir við breiddina á markaðssviði og getur nú betur tryggt samhæfingu í þróun vefmála og markaðsmála.

Vigdís Guðjónsen, markaðsstjóri Nettó:

„Ég er gífurlega ánægð að fá Halldóru, Sunnu Ösp og Auði inn í nýstofnaða markaðsdeild fyrirtækisins en ráðningarnar eru liður í því að setja aukinn kraft í markaðsmál fyrirtækisins. Saman hafa þær gífurlega umfangsmikla reynslu af ólíkum sviðum og teymið því orðið gífurlega öflugt og vel í stakk búið til þess að takast á við verkefni sem eru framundan. Samkaup hefur verið á spenandi vegferð síðasta árið og mikil vinna verið lögð í að byggja upp ólík svið fyrirtækisins, við höfum því frá morgu að segja frá og ég hlakka til að vinna áfram með teyminu,“ segir Vigdís Guðjónsen, markaðsstjóri Nettó.

ORLOFSHÚS VSKF

SUMAR 2025

Opnað hefur fyrir UMSÓKNIR-SUMARIÐ 2025 inn á orlofssíðu VSKF vsfk.is orlof.is/vsfk (Grænn takki merktur Orlofshús)

Eftirtalin orlofshús félagsins verða leigð út Sumarið 2025:

- 3 hús í Svignaskarði.
- 1 hús í Húsafelli 64 (hundahald leyft)
- 2 hús í Ölfusborgum
- 4 hús við Syðri Brú (Grímsnesi) (Hundahald leyft í húsi nr.10)
- 1 íbúð í raðhúsi að Núpasiðu 8h, á Akureyri

Útleigutímabil er frá föstudeginum 23. maí til og með föstudagsins 22. ágúst 2025.

Félagsmenn fara inn á www.orlof.is/vsfk og skrá sig inn með Íslykli eða Rafrænum skilríkjum, fylla skal út Sumar Umsókn 2025 þar með allt að 4 valmöguleikum.

Einnig er hægt að fara inn á vsfk.is – Orlofshús (grænn takki) Umsóknarfrestur er til kl. 16.00 fimmtudaginn 3. apríl 2025.

Úthlutað verður samkvæmt punktakerfi.

Orlofstjórn VSKF



Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis


Útvarpsvekjara- klukkan ennþá notuð

■ Neituðu að fermast nema allir fermdust á sama deginum

„Það er kannski skemmtileg tilviljun að við séum að ferma yngsta barnið okkar í ár,“ segja hjónin Laufey Margrét Magnúsdóttir frá Sandgerði, og Sæmundur Sæmundsson frá Garði. Þau rifjuðu upp fermingu sína en þar fyrir utan eru þau að ferma dóttur sína, Jönu Margréti, og munu herlegheitin fara fram í vor, n.t. 11. maí.

Sæmi var fyrri til að rifja upp sína fermingu enda tveimur árum eldri en eiginkonan.

„Ég er fæddur árið 1973 og reiknast því til að fermingardagurinn hafi verið árið 1987. Ég er úr Garði svo ég fermdist í Útskálakirkju ásamt 27 öðrum Garðbörnum. Ef ég reyni að rifja þetta allt saman upp þá finnst mér nú ansi líklegt að ég hafi að mestu verið að fermast vegna væntanlegra gjafa, það var ekki staðföst trúin sem hvatti mig áfram. Sr. Hjörtur Magni Jóhannsson sem nú er Fríkirkjuprestur, fermdi okkur og var þetta hans fyrsta ferming í Garði. Ég get ekki sagt að ég muni eitthvað sérstaklega eftir sjálfri fermingarfræðslunni, það er orðið það langt síðan en ef maður myndi



Sæmundur Sæmundsson á fermingardaginn 1987.

þær þóttu mjög finar á þessum tíma, það skemmtilega er að ég á þessa klukku ennþá og nota hana. Ég fékk aðra minni vekjaraklukku, á hana sömuleiðis ennþá en nota hana svo sem ekki, ég nær að vakna af hinni. Ég fékk líka svefnpoka sem ég nota ennþá þegar ég þarf að gista í vörubílum og svo fékk ég einhvern pening, það var töluverð fjárhæð man ég, sá peningur fór í skellinöðru og kom því í góðar þarfir.

Maður var auðvitað draugfjinn þennan dag, í glænýjum jakka-fötum og með blásið há. Ég man að veðrið var mjög gott þennan dag, ég á ekkert nema góðar og skemmtilegar minningar frá deginum, það er gaman að rifja þetta upp,“ segir Sæmi.

hitta fermingarsystkinin þá myndi eflaust eitthvað rifjast upp.

Veislan var haldin heima og líklega hafa um 70 manns mætt til að gleðjast með guttanum og var boðið upp á kaffiveitingar, mamma fékk einhverjar vinkonur með sér til að baka og var um mikla veislu að ræða, það man ég vel. Sú fermingargjöf sem ég man hvað best eftir er útvarpsvekjaraklukka en



Frá vinstri: Laufey, Sigþór, Elfar Þór, Hanna Margrét og Sæmundur. Verðandi fermingarstúlkan Jana Margrét fyrir framan.

Þrjár fermingar sama daginn og ferming dóttur

■ Laufey fékk nokkra hárbلاسara í fermingargjöf og þar var framtíðarfræinu sáð

„Ég fermdist tveimur árum síðar en Sæmi og fór athöfnin fram í Hvalsneskirkju í Sandgerði. Sr. Hjörtur Magni fermdi okkur líka, hann vildi dreifa okkur börnunum á tvo daga en við tókum það ekki í mál og hótuðum að fermast ekki ef við myndum ekki öll fermast á sama deginum! Sr. Hjörtur þurfti því að gefa eftir gegn okkur frekjudollunum og setti upp þrjár fermingar þennan dag. Hann sagðist aldrei ætla gera það aftur!

Sú fermingargjöf sem er hvað eftirminnilegust er klárlega gullhringurinn sem Siddi frændi gaf mér, hann er gullsmíður, varð einmitt 90 ára á dögumum og ég var afskaplega ánægð með hringinn. Ég á hringinn ennþá en hann passar ekki lengur, spurning hvort ég fari ekki með hann til gullsmíðs og láti stækka hann. Ég fékk nokkra hárbلاسara í fermingargjöf og spurning hvort fyrstu frækornunum að framtíðaratvinnunni hafi verið plantað þarna en ég er hárgreiðslukona. Ég fékk svefnpoka, skíði og sitthvað fleira en ekki svo mikinn pening.

Ég og Unnar frændi minn héldum sameiginlega veislu og varð samkomusalurinn í Garðinum fyrir



Frændsystkinin Laufey og Unnar á fermingardaginn.

valinu. Í minningunni voru mjög margir í veislunni og var boðið upp á mat, bæði kalt hlaðborð en líka ýmsa smárétti, m.a. rækjukokteil sem ég var ekki hrifin af en annars var maturinn mjög góður, sem mömmurnar og vinkonur þeirra sáu um.

Það er kannski skemmtileg tilviljun að við erum einmitt að ferma Jönu Margréti dóttur okkar í vor, stóra daginn ber upp 11. maí. Við Sæmi komum með sitthvort barnið inn í sambandið, eigum tvö saman og eigum eftir að ferma þá yngstu, Jönu og hlökkum mikið til dagsins.


Ætli verði ekki að viðurkennast að ég sé meira með puttana í undirbúningnum, ég stjórna þessu og skipa Sæma fyrir. Við fengum salinn í Sandgerðisskóla og verðum með mat, ég held að gestalistinn sé kominn í 130 manns. Jana segist vera fermast trúarinnar vegna en eflaust leiðist henni ekkert að fá gjafirnar, ég held að öll börn séu þannig. Hún vill hafa ýmsa smárétti í veislunni og að sjálfsögðu leyfum við henni að ráða því en ég mun hins vegar ekki taka í mál að rækjukokteill verði á boðstólum,“ sagði Laufey að lokum.

FERMINGAR TILBOÐ

120 CM RÚM DÝNA, BOTN OG FÆTUR VERÐ FRÁ KR.

98.910

GJÖF FYLGIR HVERJU RÚMI



Svefn & heilsa



Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu



Listhúsið Laugardal - Reykjavík



Baldursnesi 6 - Akureyri

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233 | Baldursnesi 6, Akureyri
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00 | Laugardaga 12:00 - 16:00

Kíktu á ball í Stapa en sögðust hafa verið að æfa trúarjátninguna kvöldið fyrir fermingardaginn

Guðný Kristjánsdóttir fermdist í Keflavíkukirkju 25. apríl 1981. Prestur var Sr. Ólafur Oddur Jónsson. Hún segist hafa tekið ferminguna alvarlega, enda alin upp við góða trú. Myntbreytingin var sama ár og Guðný fermdist og hún fékk 750 krónur í fermingargjöf, sem þótti góður peningur þá.

Hvaða minningar standa sterkast eftir frá fermingunni þinni og fermingarundirbúningnum?

Ég tók lítinn þátt í fermingarundirbúningnum, mamma sá algjörlega um það allt. Kalt borð og svo fermingararterta í eftirrétt. Sígarettur og vindlar í þar til gerðum marmaraöskjum. Ég valdi reyndar kjólinn sjálf og á hann ennþá. Sterkasta minningin er auðvitað það að hafa játað trú mína og staðfest skírnarheit mitt fyrir guði og mönnum og aldrei séð neitt sérstaklega eftir því.

Hvernig fannst þér sjálfri fermingardagurinn þinn?

Ég man vel eftir fermingardeginum mínum. Vaknaði snemma þrátt



Guðný að gæða sér á fermingarveitingum.

fyrir að við vinkonurnar hefðum kíkt á ball í Stapan kvöldið áður en sögðumst auðvitað hafa verið hjá hver annarri að æfa trúarjátninguna! Fallegt veður þennan dag og ég fór í hárgreiðslu til Sigrúnar Hauks. Tilhlökkun fyrir fermingarveislunni mikil og foreldrar mínir lögðu mikla áherslu á það að ég spjallaði við gestina sem ég og gerði enda þekkti ég alla sem boðnir voru.

Var fermingardagurinn eins og þú hafðir ímyndað þér?

Já við vorum auðvitað búin að vera í fermingarfræðslu allan veturinn hjá sr. Ólafi Oddi heitnum



Guðný og fjölskylda á fermingardaginn 1981.

sóknarpresti og fór sú fræðsla fram í Gaggó. Ég las í upphafi athafnarinnar bænina „Drottinn ég er kominn í þitt heilaga hús“, gerði það hátt og skýrt og kann hana enn.

Manstu eftir einhverri sérstakri gjöf sem þú fékkst eða einhverju öðru sem hafði sérstaka þýðingu fyrir þig?

Þetta ár var myntbreytingunni komið á og ég fékk 750 krónur í peningum sem þótti mjög gott. Svo á ég ennþá blómavasa sem vinafólk foreldra minna gáfu mér og ég held mikið uppá, bambushúsgögn voru í tísku og ég fékk svoleiðis frá mömmu og pabba og tjald frá systur minni.

Hver var tíðarandinn í kringum ferminguna þína – voru einhverjar sérstakar hefðir, tíska

eða tónlist sem setti svip á þennan tíma?

Hefðin var bara sú að allir fermdust og héldu veislu. Ég tók þetta alvarlega enda alin upp við ágætis trú, fór reglulega í kirkju þar sem mamma söng í kirkjukórnum og fer enn mjög reglulega í messur. Líður vel í kirkju og ekki skemmir fyrir að hlusta þar á fallegan söng. Þegar ég fermdist var farið til altaris tveimur dögum eftir ferminguna sjálfa að kvöldi til. Tískan var í raun allskonar og við stelpurnar alls ekki allar eins. Ég hlustaði mest á Bob Marley og Stuðmenn voru líka í uppáhaldi.

Þegar þú lítur til baka, hvaða gildi eða lærdóm tókstu með þér úr fermingunni sem hefur fylgt þér í lífinu?

Ég hef haldið í mína trú síðan þá og börnin mín eru fermd að eigin

vilja. Svo má ekki gleyma því að við sem fermdumst árið 1981 höfum haldið nokkur og góð fermingarafmæli sem er skemmtileg hefð hér fyrir sunnan.



Í fermingarhittingi með vinkonum.

Mikið úrval af fallegum fatnaði fyrir ferminguna

Kjólar - dragtir - sokkabuxur - toppar og margt fleira í stærðum 42-60

Komdu í verslun Curvy á 2.hæð í Holtagörðum eða pantaðu í netverslun www.curvy.is

Opið alla virka daga frá kl. 11-18 og laugardaga frá kl. 11-16

Curvy



Maya Yellow kjóll
19.990 kr



Blue Broderie Kjóll
22.990 kr



Lavender Love kjóll
18.990 kr



Lilac Flora Kjóll
22.990 kr

ERU FERMINGAR FRAMUNDAN?

Sjáðu fleiri spennandi
fermingargjafahugmyndir
á elko.is/fermingar



APPLE
Watch 10 - 42 mm
MWWH3
89.995

APPLE
iPad Air M2 - 11"
MUWJ3
144.994
134.994



BABYLISS
Smooth Pro 235
sléttujárn
MWWH3
13.995



123.995
APPLE
iPhone 16e - 128 GB

FRAMLENGDUR
SKILARÉTTUR Á
FERMINGARGJÖFUM
TIL 30. JÚNÍ
Mundu að biðja um skilamiða



APPLE
AirPods Max (2024) **109.995**



SHARPER IMAGE
Spa Studio
Hollywood spegill
P001310
29.995



STANLEY
Quencher brúsi - 1,18 L **7.595**



POLAROID
Hi-Print prentari **18.990**



APPLE
AirPods 4 (2024) **26.995**

HAMFARAHOÖNNUN Í GRINDAVÍK

Var búinn að hanna sundlaug í Grindavík en hannaði frekar uppbyggingu eftir hamfarir

Mikil hönnunarvinna hefur átt sér stað að undanfögnu í Grindavík og er það Davíð Ingi Bustion, arkitekt sem hefur verið í fararbroddi fyrir hönd Batterís arkitekta. Hann er ættaður frá Grindavík og bjó þar á sumrin þegar hann var lítill. Móðir Davíðs, Guðrún Bára Ingólfssdóttir, er frá Grindavík en pabbi hans er bandaríski körfuknattleiksmaðurinn Dave Clarence Bustion en hann lék sem atvinnumaður í Sviss þar sem fjölskyldan settist að. Davíð ólst því að mestu upp í Genf í Sviss en kom öll sumur, páska og jól til Íslands og dvaldi hjá Vígðísi ömmu sinni í Grindavík.

Davíð hefur unnið mikið fyrir Grindavíkurbæ síðan hann kláraði mastersnám sitt í arkitektúr, hann var búinn að hanna nýja sundlaugarstöðu ásamt öðrum en þær fyrirætlanir fóru á ís vegna jarðhræringanna við Grindavík. Davíð dó þó ekki ráðalaus, hann fékk Batterí til að vinna að hönnun í kjölfar hamfaranna og síðasta haust voru fyrstu drög kynnt fyrir bæjarstjórn Grindavíkur og í kjölfarið kynnt bæjarbúum sem höfðu komið að hugmyndavinnunni.

A dögunum var sýning nema í vörühönnun, grafískri hönnun og arkitektúr við Listaháskóla Íslands en nemarnir voru í áfanga sem nefnist „Samfélag.“ Davíð var einn gestakennara í áfanganum. Hamfarirnar í Grindavík urðu að viðfangsefni þessa þriggja vikna áfanga og gátu gestir og gangandi séð afrakstur vinnunnar í byrjun febrúar. Mörg spennandi verkefni litu dagsins ljós og hafa nokkrir nemendur sótt um styrk til Nýsköpunarsjóds til að vinna verkefnið áfram.

Körfubolti í Sviss

Davíð æfði körfubolta í Sviss og fyrir tímabilið 2012/2013 hafði hann samband og sýndi áhuga á að leika með liði Grindavíkinga sem þá voru ríkjandi Íslandsmeistarar. Davíð styrkti liðið til muna og eftir hatramma baráttu við Stjórnuna þar sem Grindavík lenti 1-2 undir, tókst liðinu að vinna tvo leiki og verja titilinn. Eftir þetta tímabil togaði nám í Davíð og hann flutti því til Reykjavíkur og fór í Listaháskóla Íslands að læra arkitektúr.

„Ég sótti um í Listaháskólann á meðan ég var að spila með Grindavík og komst inn en ég treysti mér ekki til að keyra á milli og því varð þetta eina tímabilið með Grindavík þar til nokkrum árum seinna þegar ég kom á miðju tímabili. Ég kláraði grunnnámið í arkitektúr, fór í starfsnám í þrjú ár hjá Batteríinu arkitektum og fór svo í mastersnám til Sviss og kláraði það árið 2021. Covid var skolið á og ég vann mikið fyrir Grindavíkurbæ, ég var hluti af teymi sem hannaði og útfærði hönnun á göngustígum, hundagerðinu, útsvæðinu við íþróttahúsið og ýmsu öðru. Ég kynntist mörgu af embættisfólki Grindavíkurbæjar og það var mjög gott upp á það sem fylgdi svo í kjölfarið nokkrum



árum síðar. Í millitíðinni hönnuðum við nýju sundlaugarstöðuna í Grindavík, kynntum þá hönnun voru '23, ég var ofboðslega spenntur yfir þeim framkvæmdum en þær áttu einmitt að fara hefjast um það leyti sem rýma þurfti Grindavík vegna jarðhræringanna. Þetta voru mikil vonbrigði. Þetta var flottasta verkefni sem ég hafði unnið, ég var að vinna að þessu fyrir mitt bæjarfélag. Það verður gaman þegar Grindavík ris á ný og þessar framkvæmdir fara aftur á teinana, ég er sannfærður um að það eigi eftir að gerast og öll hönnun er tilbúin.“


Pro bono verkefni fyrir Grindavík

Batterí arkitekta hafa í gegnum tíðina tekið að sér verkefni án þess að þiggja greiðslu fyrir. Davíð Ingi kom með hugmynd til vinnuveitenda sinna.

„Þegar ég sá ástandið í Grindavík spurði ég eigendur Batterís hvort við gætum ekki hjálpað Grindavík. Vel var tekið í þessa þælingu mína og ég hafði samband við Eggert Sólberg Jónsson, sviðsstjóra frístunda- og menningarsviðs Grindavíkurbæjar, við fengum að sitja fundi og fylgjast með í byrjun janúar í fyrra. Nokkrum dögum síðar skall enn eitt áfallið á og allt fór í frost í nokkra mánuði en svo settum við boltann aftur á loft síðasta sumar sem endaði með flottri kynningu í september. Úr varð ákveðið rammaskipulag sem er í raun bara að koma hugmyndum í ákveðna framtíðarsýn, hvert vildi Grindavíkurbær stefna? Út frá þessu vorum við ráðnir í þetta verkefni og settum allt á fullt og kynntum drög að hönnun í desember. Þetta var unnið í frábæru samstarfi við Grindavík-



Hugmynd að hönnun á miðbæ sem myndi rísa á svæðinu fyrir aftan Sjómannastofuna Vör og Papas, að minnisvarðanum um drukknada sjómenn í Grindavík.



urbæ og íbúum var gefinn kostur á að koma sínum hugmyndum á framfæri og hönnunin unnin út frá þeim. Grindavíkurbær fékk Grindavíkinginn Óskar Kristinn Vignisson sem einmitt útskrifaðist frá Listaháskólanum í myndlist en lærði svo kvikmyndagerð í Danmörku, til að búa til flott kynningarband. Grindavíkurbær lagði áherslu á að þetta yrði tilbúið fyrir jólin, þótt Grindavíkingar væru ekki fluttir heim til Grindavíkur þá vildu bæjaryfirvöld kanski gefa Grindavíkingum þessa framtíðarsýn í jólagjöf.

Framkvæmdir eru ekki hafnar en ákveðin grunnvinna mun fljótlega fara í gang, t.d. að útbúa göngustíga í kringum hraunið sem rann inn í bæinn, það þarf að hanna og útbúa bílastæði svo ferðamenn viti hvert þeir eigi að fara, það er að ýmsu að huga. Það er sumt sem hægt er að ráðast í strax en svo erum við líka með langtíamarkmið. Ég sé fyrir mér að Grindavík geti orðið flottasti ferðamannabær á Íslandi og þó víða væri leitað en hvenær allt verði tilbúið er ómögulegt að segja til um á þessum tímamarki. Það væri voðalegt gott að þurfa ekki að vera alltaf að bíða eftir næsta eldgosu en ég vil trú á að það versta sé afstaðið. Það verður ofboðslega gaman og spennandi að taka þátt í endurreisn Grindavíkurbæjar og ég lofa því að við hjá Batterí arkitektum munum leggja okkur alla fram við hönnunina svo sómi verði af, bæði fyrir íbúana og þá sem munu stunda atvinnustarfsemi í bænum. Framtíðin er mjög björt í Grindavík að mínu mati,“ segir Davíð.

Samfélag - hamfarir

Davíð Ingi var einn gestakennara í áfanga sem nefnist Samfélag.



Hugmynd að göngubrú úr gleri sem myndi liggja í sprungu.

Þetta er mjög flottur áfangi nema á öðru ári í vörühönnun, grafískri hönnun og arkitektúr. Þessi áfangi, Samfélag, hefur lengi verið kenndur en þá er spjótunum beint að einhverju samfélagslegu verkefni, t.d. að endurhanna skóla eftir flutninga eða eitthvað slíkt samfélagslegt verkefni. Augu allra beindust að Grindavík og hamförunum sem þar gengu yfir. Sá sem er yfir þessum áfanga heitir Björn Steinar Blumenstein, fagsgjafi Vörühönnunardeildar.

„Það var gaman að sjá áhuga nemenda á viðfangsefninu. Nemendur fengu flotta fyrirlesara sem fjölluðu t.d. um hamfarir almennt, áhætturannsóknir og sérfræðingar á sviði hönnunar sem hafa komið að gagnvirkni hönnun ýmissa safna, s.s. Lava Center, voru líka á meðal fyrirlesara. Þetta miðaði allt að því að nemendur myndu fá víða innsýn inn í hvað hönnun getur verið mikið umbótarafli í tengslum við hamfarir, hvernig hönnuðir geta umbreytt hamförunum í framfarir, með öðrum orðum snúið vörn í sókn.“

Það er gaman frá því að segja að mörg verkefnanna fengu mikla athygli og hafa nokkrir hópar nú þegar sótt um styrk til Nýsköpunarsjóds, til að þróa hönnunina enn frekar. Það var gaman að sjá hvernig nemendur þessara ólíku námsgreina mættust, þau áttu samtöl við fólk úr vísindasamfélaginu og úr urðu mjög spenn-

andi verkefni sem ég hef fulla trú að muni fara alla leið og nýstast Grindavík og Grindavíkingum. Nemendur fengu byr undir báða vængi vegna áhuga Grindavíkurbæjar á verkefninu, þá sáu þau að þau voru ekki bara að hanna eitthvað út í tómið, þau sáu að það gæti eitthvað meira orðið úr vinnunni. Það var gaman að sjá áhuga þeirra bæjarstarfsmanna, -fulltrúa og annarra Grindavíkinga sem mættu á sýninguna, margir töluðu um gleði sína yfir að sjá svo flotta framtíðarsýn fyrir bæinn sinn.

Ég er mjög stoltur af starfsfólki Listaháskólans, þar er unnið frábært starf og kanski er gott að leiðrétta misskilning marga varðandi Listaháskólann, það eru ekki bara latteþjandir heimspikinemendur eða tilvonandi ljóðskáld, leikarar eða tónlistarfólk, sem lærir í skólanum, allar þessar greinar eins og grafísk hönnun, vörühönnun, arkitektúr og fleira, er með jafn mikið vægi í skólanum. Skólinn hefur útskrifað fjölmörg hæfileikaríka nemendur sem hafa komið að miðlun, stefnumótun, þróun og hönnun í tengslum við eldsumbrotin á Reykjanesinu, þar með taldir Davíð Ingi og Óskar Kristinn, sem undirstríkar mikilvægi þessara greina í samfélagi á umrörtartímum,“ segir Björn Steinar.

Björn Steinar sem stóð að þróun Samfélagnámskeiðsins ásamt Kolbrúnu Þóru, Evu Jóhannsdóttur og Óskari Erni, hvetur alla sem hafa áhuga á hönnun og bara listum yfir höfuð, að koma í heimsókn í Listaháskólann og kynna sér hvernig námið er.




Nemendur sýndu fjölmörgum gestum hvað þeir hafa verið að gera að undanfögnu.



Það vantar ekki hugmyndaflugið í nemendum Listaháskólans.

■ Skáldasúð hófst 6. mars og stendur til 23. mars



Orð eru til alls fyrst í Duus- húsum og víðar í Reykjaneshæ



Gunnhildur las fyrir sundfélaga í Vatnaveröld.

Fimmtudaginn 6. mars hófst Skáldasúð í Duus-húsum en þetta er annað árið í röð sem þessi ljóða- og listasýning er haldin og er yfirskrift sýningarinnar í ár, Orð eru til alls fyrst. Sýningin stendur til 23. mars en það er listakonan Gunnhildur Þórðardóttir sem stendur á bak við sýninguna. Sýningin fer ekki bara fram í Duus-húsum, ljóðlestur verður í sundhöll Reykjaneshæjar, Vatnaveröld og eins verður hægt að lesa ljóð þar og á vinsælum gönguleiðum. Ljóðaupplestur fór fram í Duus-húsum þegar sýningin opnaði og mun aftur fara fram fimmtudaginn 13. mars.

Gunnhildur byrjaði á að skýra nafn sýningarinnar út.

„Ég hugsaði nafnið út frá Suðurnesjum og súð er ákveðið hljóð, það kemur jú stundum fyrir að vindurinn blási hér og þá er súð en svo eru Suðurnesin líka súðpottur að einhverju skapandi, hér hefur alltaf verið blómlegt listalíf og fjölmörg ljóðskáld sem héðan koma. Ég vildi koma á nýrri listahátíð hér og get ekki sagt annað en ég sé ánægð með byrjunina, það var mjög góð mæting á hátíðina í fyrra og ég held að hún verði ekki síðri í ár. Það eru bæði þekkt og óþekkt ljóðskáld sem koma fram á sýningunni, og bæði frá Suðurnesjum og utan þeirra.“

Það eru ekki allir sem lesa ljóð en ef fólk myndi gera það þá telur Gunnhildur að þau kynnu að meta þau, hún er með góð ráð í poka-horninu.

„Ég mæli alltaf með að fólk komi á upplestur, það er allt öðruvísi að mæta og heyra ljóðskáldið sjálft fara með ljóðið sitt því það túlkar sitt eigið ljóð á annan hátt en þegar maður les ljóðið heima hjá sér, þó það sé frábært líka. Það er svo mikil upplifun að heyra skáldið fara með ljóðið sitt, þá heyrir maður áherslurnar og á auðveldar með að setja sig inn í hugarheim skáldsins. Ég hvet alla til að koma á upplesturinn á fimmtudaginn kl. 17.“



Guðný Birna Guðmundsdóttir, forseti bæjarstjórnar, setti hátíðina.

Listagyðjunní svalað frá unga aldri

Gunnhildur var ekki gömul þegar hún hneigðist til lista.

„Ég var snemma byrjuð að semja ljóð, í raun á sama tíma og ég lærði að lesa og skrifa, ég á eitthvað af þeim ljóðum ennþá. Ég myndskreytti þau og þetta voru mínar stundir, ég las mikið af ljóðabókum og hef alltaf haft mikinn áhuga á ljóðum. Foreldrar mínir voru ekki mikið að spá í ljóðum svo þessu var alls ekki ýtt að mér, ég bara fæddist með þennan áhuga held ég. Mér hefur alltaf þótt gaman að vinna með texta og list, þetta tvennt passar mjög vel saman finnst mér. Ég var ekki gömul þegar ég sendi ljóð til Morgunblaðsins en ég gaf ekki út mína fyrstu ljóðabók fyrr



en talsvert seinna og hef gefið út nokkrar síðan þá. Ég mun lesa ný ljóð á sýningunni í ár en von er á nýrri ljóðabók frá mér á árinu.

Ég fór til Cambridge í Englandi í sjö ár í listnám og menningarstjórnun eftir að ég kláraði FS árið 1999. Tíminn í Cambridge var frábær, ég tók þátt í alls kyns skemmtilegu sjálfbodastarfi tengdu listum og flutti svo heim rétt fyrir

hrun. Ég bætti á mig kennsluréttindum, kenndi í Myllubakkaskóla í tíu ár en er að vinna sem myndlistarkennari í FS í dag. Ég sinni listagyðjunní samhliða þessu, er alltaf að vinna tví- og þrívíð verk, var með sýningu fyrir stuttu en ég reyni að vera með tvær einkasýningar á ári og tek auk þess þátt í samsýningum. Svo er ég auðvitað alltaf líka að semja ljóð og eins og ég nefndi, ný ljóðabók kemur út á þessu ári.

Ég hlakka mikið til að taka á móti gestum á Skáldasúði í ár,“ sagði Gunnhildur að lokum.



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is



KOMDU VIÐ HJÁ OKKUR OG KÍKTU Á ÚRVALIÐ AF FERMINGARVÖRUM FRÁ REYKJAVÍK LETTERPRESS.

Servíettur í tveimur stærðum, kort fyrir peningaseðilinn og aðrar gjafir og hengimiðar á pakkann.

REYKJAVÍK
LetterPress

REYKJANESAPÓTEK
FITJUM OG HÓLAGÖTU 15 REYKJANESBÆ



Guðbjörg Eyjólfssdóttir, formaður Járngerðar, ávarpaði fundargesti. Hún gerði grein fyrir tilgangi félagsins.



Fjölmargin Grindvíkingar sóttu kynningarfund Járngerðar nýstofnaðra hagsmunasamtaka um uppbyggingu og framtíð Grindavíkur

Mikilvægt að kveikja ljósin smátt og smátt

■ Grindvíkingar fái sjálfir að ráða meiru um framtíð bæjarins ■ Upplýsingagjöf númer eitt, tvö og þrjú ■ Tvær ógnir steðja að Grindavík

Fjölmargin Grindvíkingar sóttu kynningarfund Járngerðar nýstofnaðra hagsmunasamtaka um uppbyggingu og framtíð Grindavíkur. Fundurinn fór fram í Gjúanni á laugardagsmorgun. Markmið Járngerðar eru þau að vinna markvisst að endurreisn Grindavíkur og að Grindvíkingar fái að taka þátt í ákvörðunum um framtíð Grindavíkur.

Atli Geir Júlíusson, fyrrum sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs Grindavíkurbæjar, stýrði fundinum. Hann tók einnig til máls í lok fundarins og sagði mjög mikilvægt að farið yrði í að kveikja ljósin smátt og smátt og að unnið yrði framtíðarplan, bæði til skemmri og lengri tíma. Ánægjulegt væri að búið væri að kveikja ljósin að Víkurbraut 62 þar sem bæjarskrifstofurnar eru til húsa, eins og segir í ítarlegri samantekt um fundinn á vef Grindavíkurbæjar.

Horfa fram á við

Guðbjörg Eyjólfssdóttir, formaður Járngerðar, ávarpaði fundargesti. Hún gerði grein fyrir tilgangi félagsins. Hún vill heldur horfa fram á við og vinna með öllum sem vilja samfélaginu vel, vinna að endurreisn Grindavíkur, ekki vinna gegn Þórkötlunni, heldur með henni að því að glæða bæinn litríku mannlífi að nýju.

„Við ætlum að kalla til fundar við okkur ráðamenn, þingmenn og ráðherra, fulltrúa almanna- varna og fleiri og við ætlum okkur svo sannarlega sæti við það borð og ætlumst til þess að á okkur verði hlustað,“ sagði Guðbjörg Eyjólfssdóttir. Með Guðbjörgu í stjórn Járngerðar eru þær Karitas Una Daniélsdóttir, Valgerður Ágústsdóttir, Guðfinna Magnúsdóttir og Erla Hjördís Ólafsdóttir.

Aðrir sem tóku til máls á fundinum voru m.a. Pétur H. Pálsson. Hann kom með sína sýn á hver ættu að vera næstu skref og tími væri kominn til þess að Grindvíkingar fengju sjálfir að ráða meiru um framtíð bæjarins. Mál- efni bæjarins hafi verið nálgast út frá þremur hliðum frá því hamfarir hófust; öryggi, atvinna og búseta. Öryggisþættinum hafi verið sinnt upp á 10 og mikil atvinnustarfsemi sé innan bæjarins. „Það er mis- skilningur að einhverjir aðrir þurfi að bera ábyrgð á okkur, við getum



Pétur H. Pálsson kom með sína sýn á hver ættu að vera næstu skref og tími væri kominn til þess að Grindvíkingar fengju sjálfir að ráða meiru um framtíð bæjarins.

það og kunnum það og viljum það.“ Pétur sagði framkvæmdastjóra Þórkötlunni ekki útiloka neitt varðandi búsetu á næstunni. Fara þarf yfir lög og reglugerðir svo liðka megi fyrir búsetu í bænum.

Tvær ógnir

„Það eru tvær ógnir sem ógna okkur, annars vegar að hraun

renni yfir bæinn og hins vegar að það komi ekki fólk til baka. Og bar- áttan snýst um það núna, öryggi og atvinna er komið og núna er það búsetan,“ sagði Pétur. Hann sagði kominn tími á að Grindvíkingar, sem það vildu, fengju að máta sig til baka og prófa að vera í bænum. Til þess þyrfti að afhenda íbúum, sem það kjósa, lyklana aftur endurgjaldslaut til að byrja með.

Sólveig Þórðardóttir, doktor í jarðskjálftaverkfræði og fyrrverandi framkvæmdastjóri Almanna- varna, var með fróðlegt erindi. Sólveig hefur undanfarin ár unnið að rannsóknnum tengdum náttúruhamförum. Bæði hvað gert er fyrir hamfararir, á meðan á þeim stendur og síðan í kjölfarið, jafnvel mörg ár á eftir. Sólveig ræddi almannavarnakerfið og hversu þröngt það hugsar. Hugsunin nær ekki lengra en í fjöldahjálparstöðvar og svo taki í raun við eitt- hvað hylðýpi. Grindavík er ekki fyrsta samfélagið sem lendir í ham- förum og verður ekki síðasta sam- félagið heldur sem stendur frammi fyrir því að endurreisa samfélagið.

Félagslegir töftrar

Viðar Halldórsson, félagsfræði- prófessor við Háskóla Íslands, fjallaði um hvað það er sem gerir samfélag að samfélagi. Hlutverk einstaklinga að búa til samfélag. Samskipti og samvera séu grund- vallar stoðir samfélaga. Samfélög byggjast upp í gegnum samskipti fólks. Tók hann dæmi um samfélag sem lenti í hremmingum eftir ham- farir 2005, New Orleans í Banda- ríkjunum og hvernig borgin var endurreist aftur. Eftir þælingar um hvort það ætti að endurbyggja hana eða ekki. Hvort íbúar ættu að flytja annað eða hvort byggja ætti upp aftur. Það sem var lykillinn þar var menningarauðurinn sem tónlistin var. Það þyrfti einhvern

neista og sá neisti var tónlistin sem fólk fór að safnast saman í kringum. Þetta gerist í gegnum samskipti íbúa, samveru og samtál. „Þetta eru félagslegir töftrar, þegar fólk kemur saman þá myndar það eitthvað nýtt, einhverja orku og afl sem blæs okkur byr í brjóst og lætur okkur líða vel,“ sagði Viðar m.a. í sínu erindi.

Of miklar efasemdaraddir fá að heyrast


Vilhjálmur Árnason, þingmaður, ávarpaði einnig fundinn og sagði það mikla gleðistund að vera í Grindavík á þessum fjölsóttu fundi. Hann ræddi verkefnið framundan og að númer 1,2 og 3 sé upplýsinga- gjöf sem við þurfum öll að sameinast um. Hvernig ástandið er og hvað er í gangi. „Við þurfum að fá alla sem eru að fara að taka ákvarð- anir með okkur, til þess að koma hingað og upplifa ástandið.“ Vil- hjálmur sagði of miklar efasem- daraddir fá að heyrast um framtíð Grindavíkur. Þetta breytist um leið og fólk fær smá upplýsingar og kemur á staðinn þá snýst það alveg um leið. Passa þurfi að ekkert verði gert um okkur án okkar.

Vilhjálmur kom einnig inn á stjórnkipulagið og hvaða stofnun ræður hverju sinni. „Hvenær ráða almannavarnir ríkislögreglustjóra? Hvenær ráða almannavarnir lög- reglustjórans á Suðurnesjum? Hvenær ræður almannavarnar- deild Grindavíkur? Hvenær ræður sveitarstjórn Grindavíkurbæ? Það verður ekkert gert um okkur – án okkar.“

Hver þekkir Grindavík betur

Lykilatriði sé að svara því líka hver þessi aukna hætta sé í Grindavík þegar búið er að fara í öll þau verk- efni sem hafa verið unnin, búið að fara í jarðkönnun, búið að gera varnargarðana, fá sjö eldgos til að læra af í ferlinu og hverju má eiga von á. Við séum búið að gera rým- ingaráætlun, erum með rýmingar- lúðra. Og hver þekkir Grindavík betur en við? Þá sé önnur lykil- spurning um ábyrgðina. „Hvenær berum við ábyrgð sjálf? Hvenær bera almannavarnir ábyrgð eða einhver allt annar? Af hverju eru allir að verja sig og banna okkur svo þeir verði ekki skammaðir? Hvar er þessi lagalega áhætta?“ sagði Vilhjálmur og talaði um að þetta væru grundvallarspurningar sem svör yrðu að koma við svo hægt væri að halda áfram.

Þessi umfjöllun birtist fyrst á vef Grindavíkurbæjar.



Hrauntungur þekja Grindavíkurveg verðlaunamynd

Ljósmynd frá Reykjanesi hefur verið valin sem ein af bestu náttúrljósmyndum heimsins á síðasta ári. Verðlaunin eru veitt fyrir framúrskarandi myndir í flokki náttúrljósmynda. Myndir sýnir rennandi hrauntungur sem þekja Grindavíkurveg um vetur. Ljósmyndarinn Ael Kermarec tók myndina og vann gull í flokki náttúrumynda í fréttaljósmyndun.

Hættuleg ofnotkun svefnlyfja



Landssambands eldri borgara o.fl. undir forystu Önnu Birnu Almarsdóttur, prófessor, vinna nú að átakinu Sofðu

vel til að draga úr notkun svefnlyfja hjá eldra fólki.

Íslendingar notuðu 6 sinnum meira af algengustu svefnlyfjum en Danir árið 2020. Sama ár fengu 10,4% þjóðarinnar lyfseðil fyrir þessi lyf. En lyfin eru hætt að virka eftir 4 vikur en það eru margar slæmar afleiðingar við að taka þau inn. Eldra fólk eru helstu notendur þessara lyfja og því er mikilvægt að ná til þeirra til að vekja athygli á afleiðingum á þessari notkun.

Hættulegar aukaverkanir s.s. vitræn skerðing

Þeir sem taka inn svefnlyf draga úr hæfni sinni við að hugsa hratt, slæva minnið og geta þeirra til að taka ákvarðanir minnkar. Til að viðhalda minni og draga úr heilabilun er nauðsynlegt að hætta notkun svefnlyfja.

Óstöðugleiki og meiðli vegna byltu

Svefnlyf eru ein helsta orsök meiðsla við byltur hjá eldra fólki. Dæmi um slík er: mjaðmabrot, brot á úlnið, hrygg, kinnbeini o.fl., höfuðáverkar en einnig dauðsföll. Þeir sem brotna lenda iðulega í því að þurfa að flytja af heimili sínu vegna afleiðinganna.

Skert geta til að stjórna ökutækjum

Fólk sem tekur zópíklón (Imovane) getur verið með jafn skerta aksturshæfni og manneskja með áfengismagn í blóði yfir löglegum mörkum. Fólk sem tekur svefnlyf er 4-6 sinnum líklegra að lenda í alvarlegu umferðaslysi og 1 af hverjum 9 öku-mönnum sem lenda í banaslysum hefur nýlega tekið svefnlyf.

Skelfilegir fylgikvillar

Fólk sem fær flensu (eða aðrar veirusýkingar í öndunarfærum)

á meðan það tekur svefnlyf er í mjög mikilli hættu á alvarlegum fylgikvillum s.s. 4 sinnum meiri hættu á lungnabólgu og hættu á dauðsfalli vegna flensu er 20 sinnum hærrí!

Aðrar hættur

Ef svefnlyfin eru tekin með öðrum slævandi lyfjum er hættu á skertri öndun. Þá eru svefnlyf hættuleg ef þú ert með kæfisvefn á háu stigi.

Slæm fráhrarfseinkenni

Nokkur fráhrarfseinkenni er svefnleysi, kvíði, jafnvægisleysi, ruglingur, þirringur, ofskynjanir og þunglyndi en einnig eru lyfin ávanabindandi.

Hættu að taka svefnlyf og lifðu betra lífi

Að meðaltali sofna fólk sem notar svefnlyf 7 mínútur fyrr en án þeirra. Þá sefur fólk að meðaltali aðeins 20 mínútur lengur á nóttu. Þessa litla viðbót við svefn er ekki áhættunnar virði! Með því að hætta notkun svefnlyfja nær fólk betri svefni og bættum lífsgæðum.

Frábær árangur við að hætta notkun svefnlyfja og ná betri svefni

Í Kanada náðu 46% þeirra sem notuðu bæklinginn *Sofðu vel* góðum árangri, ýmist með að draga úr notkun eða hætta notkun svefnlyfja. Það hefur verið opnuð vefsíðan Sofðuvel.is þar sem finna má fjölda gagnlegar upplýsinga og bæklinginn sem gefinn hefur verið út en hann má einnig finna í lyfjaverslunum og á heilsugæslustöðvum víða um land.

Ég vil hvetja alla sem nota svefnlyf og aðstandendur þeirra, til að kynna sér bæklinginn sem átakið hefur látið þýða og liggja nú frammi víða á heilsugæslum og í lyfjaverslunum. Þá má líka finna á Sofðuvel.is ásamt fleiri gagnlegum upplýsingum.

Drífa Sigfúsdóttir, varaformaður LEB.



Hattur á Hafnagötu í Höfnum

Þetta skemmtilega höfuðfat rúllaði eftir Hafnagötu í Höfnum í óveðrinu í síðustu viku. Það var ekkert hattaveður þann daginn. VF/pket

Verslunarfolk í góðum höndum á Suðurnesjum



Þann 1. apríl nk. verða liðin sex ár frá því að sameining VR og Verslunarmannafélags Suðurnesja tók formlega gildi en ári áður hafði stjórn VS samþykkt að hefja sameiningarviðræður við VR. Sameiningar sem innibera annars vegar landsbyggðareiningar og hins vegar höfuðborgarsvæðið geta haft í för með sér áskoranir, enda verða hagsmunir höfuðborgarinnar stundum fyrirferðamiklir.

Á þetta reyndi fljótlega eftir sameiningu eða þegar COVID-faraldurinn skall, á sem hafði gríðarleg áhrif á atvinnuástand á Suðurnesjum. Þá sýndi sig og sannaði hversu mikilvægt það var að starfrækja áfram skrifstofu á Suðurnesjum og þaðan er rekin öflug þjónusta fyrir svæðið í heild sinni. Það samfélag stéttarféлага og annarra aðila sem þjónusta launafólk sem hefur myndast í Krossmóum er kröftugt og þar er fólk vakið og sofið yfir réttindum og hagsmunum launafólks

á Suðurnesjum. Almennt talið má segja að sameining VR og VS hafi heppnast með ágætum. Reyndar heppnaðist hún svo vel að enn má finna fólk sem telur að skrifstofa VR sé í raun gamla góða Verslunarmannafélag Suðurnesja og það sýnir að þjónustan er eftir sem áður góð í nærumhverfinu.

Formaður allra VR félaga

Ég tók við embætti formanns VR í desember sl. þegar forveri minn tók sæti á Alþingi og gef kost á mér til að halda áfram í formannskosningum sem nú eru að hefjast í félaginu. Mér er mikið í mun að vera formaður allra VR-félaga og horfi ég þar meðal annars til hins stóra félagssvæðis VR og þeirra ólíku aðstæðna sem fólk býr við í mismunandi landshlutum. Ég hef þegar sótt skrifstofu VR á Suðurnesjum og nokkra vinnustaði heim og sett mig inn í stöðu atvinnu-mála á svæðinu. Ég legg áherslu á að viðhalda öflugri þjónustu VR á Suðurnesjum, en einnig að formaður láti sig staðbundin mál sem tengjast kjörum félagsfólks varða. Ég stefni á að hafa reglubundna

viðveru á Suðurnesjum og að heimsækja vinnustaði VR félaga á svæðinu. Enn fremur stendur fyrir dyrum viðamikil skipulagsvinna í VR þar sem fjallað verður um eðli og umfang deilda félagsins, meðal annars hvort deildaskipting eftir landsvæðum eða starfsgreinum sé æskilegri. Mikilvægt er að tryggja að sjónarmið vinnandi fólks á Suðurnesjum séu til hliðsjónar við alla umræðu og ákvarðanatöku í þessum efnunum.

Nýtið atkvæðisréttinn

VR er stærsta og öflugasta stéttarfélag landsins og er eitt félag sem kys sér forystu með beinni persónukosningu. Ég hvet VR félag á Suðurnesjum til að nýta kosningarétt sinn í félaginu og kjósa bæði formann og stjórnarfolk. Rafrænar kosningar standa frá kl. 10 þann 6. mars og fram til hádegis 13. mars nk. Kjósum og hvetjum fólk til að kjósa!

Allar nánari upplýsingar má finna á vef VR, vr.is, og á minni síðu, halla.is.

Halla Gunnarsdóttir, formaður VR



Ráðgjafi í verslun

Bilanaust Reykjanesbæ

Vegna aukinna verkefna leitum við að starfsmanni í verslun okkar á Hafnargötu 52, Reykjanesbæ, í 100% starf. Starfið felur í sér að veita viðskiptavinum Bilanausts leiðsögn og framúrskarandi þjónustu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Reynsla af afgangi á varahlutum og/eða reynsla í bifvélavirkjun kostur.
- Góð tök á íslensku máli, bæði skriflega og munnlega.
- Áhugi og vilji til að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu.
- Góð færni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund.
- Skipulagsfærni.

Hæfniskröfur

- 20 ára eða eldri.
- Reynsla af afgangi á varahlutum og/eða reynsla í bifvélavirkjun kostur.
- Góð tök á íslensku máli, bæði skriflega og munnlega.
- Áhugi og vilji til að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu.
- Góð færni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund.
- Skipulagsfærni.
- Hreint sakavottorð.

Afgreiðslutími er frá 08:00 til 18:00 alla virka daga. Unnið er eftir vaktafyrirkomulagi. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Bilanaust - Fyrir fólk á ferðinni

Sæktu um á netfanginu atvinna@bilanaust.is eða í síma 535-9000

Við ætlum að sýna ykkur 1. þáttinn af Suðurnesjamagasíni í þessari viku. Það eru 16 ár nú í mars frá því þátturinn fór í loftið á sjónvarpsstöðinni ÍNN.

SUÐURNESJA
VF **magasín**

SKIL Á AÐSENDU EFNI

Greinar og annað aðsent efni sem óskað er að birtist í Víkurfréttum þarf að hafa borist ritstjórn fyrir hádegi mánudags á netfangið

vf@vf.is

Stéttar Jarðvinna Hellulagnir Lagnavinna Lóðafrágangur Dren og frárennsli

Afburða handverksmenn, góður tækjakostur, tengsl við iðnaðarmenn
úr öllum greinum og áratuga reynsla af verklegum framkvæmdum.

Vogaklettur er fyrsta símtalið þegar skipuleggja á verk.



Vogaklettur.is
S:893-1512

Auglýsing um skipulagsmál í Suðurnesjabæ

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi efri hluta íbúðasvæðis
ofan Garðvangs – Teiga- og Klapparhverfi

Um er að ræða endurtekna málsmeðferð þar sem gera þurfti óverulega aðalskipulagsbreytingu á íbúðagerðum ÍB9 sem voru ekki í samræmi við áður auglýsta deiliskipulagstillögu. Fyrirhuguð íbúðauppbygging er annars óbreytt frá fyrri málsmeðferð.

Bæjarstjórn Suðurnesjabæjar samþykkti á fundi sínum þann 5. febrúar 2025, að auglýsa á ný breytingu á deiliskipulagi efri hluta íbúðasvæðis ofan Garðvangs, Teiga- og Klapparhverfi í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í deiliskipulagstillögunni, dags. 14. janúar 2022, felst endurskoðun á efri hluta íbúðasvæðisins með það markmið að mæta þörf fyrir minni og hagkvæmari íbúðir.

Í breyttri deiliskipulagstillögu af þessum hluta hverfisins er gert ráð fyrir alls 259 íbúð í 86 húsum sem er fjölgun um 118 íbúðir frá áður samþykktu skipulagi.

Einnig er gert ráð fyrir lóð undir nýjan leikskóla innan svæðisins.

Sjá svæði auðkennt ÍB9 og S25 í Aðalskipulagi Suðurnesjabæjar 2022 - 2034.

Tillagan er aðgengileg á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, mál nr. 316/2025

Tillaga að deiliskipulagi við Stafnesveg í landi Miðkots

Bæjarstjórn Suðurnesjabæjar samþykkti á fundi sínum þann 8. janúar 2025, að auglýsa tillögu að deiliskipulagi við Stafnesveg í landi Miðkots í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagðar eru þrjár nýjar einbýlishúsalóðir, Stafnesvegur 48, 50 og 52 auk þess sem einbýlishúsalóðin Stafnesvegur 46 er stækkuð úr 1.225 í 2.002 m². Skipulagssvæðið er í suðurenda skilgreinds þéttbýliskjarna Sandgerðis og er í samræmi við íbúðasvæði ÍB23 í Aðalskipulagi Suðurnesjabæjar 2022-2034.

Tillagan er aðgengileg á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, mál nr. 320/2025

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögunar í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar á <https://skipulagsgatt.is/>

Umsagnarfrestur er til og með 28. apríl 2025.

Jón Ben. Einarsson, Skipulagsfulltrúi Suðurnesjabæjar



SUÐURNESJABÆR

NÝR ÞÁTTUR Á FÖSTUDÖGUM
YOUTUBE-RÁS VÍKURFRÉTTA OG VF.IS

SUÐURNESJA
magasín



Kylfingar láta ekki nokkrar blautir brautir trufla sig frá golfleik á Kirkjubólsvelli í Suðurnesjabæ. Þessar myndir voru teknar um liðna helgi. VF/Hilmar Bragi



1X2 „ÞRUMAD Á ÞRETTÁN“

Björn hafði betur í hörku sóknarleik

Tipparar síðustu helgar, Björn Vilhelmsson og Ólafur Þór Ólafsson, buðu áhorfendum heldur betur upp á skemmtilegan sóknarleik í sinni viðureign þar sem mikið var skorað. Björn byrjaði betur enda spreðaði hann sínum þrítryggingum á fyrstu tvo leikina, Ólafur óx hins vegar ásmegin og mátti minnstu muna að hann hefði jafnað en leikar enduðu 10-9 fyrir Björn sem heldur þar með áfram. Gítarleikaranum knáa úr Sandgerði er hér með þakkað fyrir drengilega keppni og vaska framgöngu. Næsti áskorandi er Keflvíkingurinn, körfuboltaþjálfarinn og sjónvarpsstjarnan, Jón Halldór Eðvaldsson.

Jonni vill meina að hann sé dyggur stuðningsmaður Liverpool en þar sem hann á ársmiða á Old Trafford, heimavöll Manchester United, mætti halda að hann sigli jafnvel undir fölsku flaggi.

„Já nei, það þarf enginn að efast um ást mína á Liverpool, þó svo að ég eigi ársmiða hjá Manchester United. Ég fjárfesti í þeim miða fyrir Marínu konuna mína á sínum tíma og er allt útlit fyrir að um afskaplega lélega fjárfestingu hafi verið að ræða. Ég efast um að ég myndi geta selt þennan miða í dag, þótt ég glaður vildi. Annað eins hrún hjá félagi hef ég bara held ég aldrei orðið vitni að, eyðimerkur-ganga okkar Pool-aranna var sem göngutúr í garðinum með fullt af ísköldum á kantinum, við hliðina á þeirri þrautargöngu sem stuðningsmenn United þurfa að ganga í gegnum þessa dagana, já eða árin. Þeir mega þakka fyrir hvað liðin fyrir neðan þá eru langt á eftir, annars væru þeir í bullandi fallbaráttu. Þó svo að ég hafi trú á þessum nýja stjórnendum þeirra, þá efast ég um að stjórnendum beri gæfa til að sýna honum nægilega þolinmæði. Það væri kannski ráð fyrir mig núna að reyna messa Liverpool-boðskapinn yfir Marínu minni.

Ég hef ekki mikið verið að tippa en hlakka til að mæta Garðbúanum, hann hefur fengið gott start í leiknum en ég sem keppnismaður ætla að sjálfsgöðu að velja honum af stali. Ég hitti einmitt síðasta sigurvegara tipleiks Víkurfréttanna á Wembley og þó svo að hvorki Liverpool né United verði á Wembley í vor, sé ég fyrir mér skemmtilega ferð til London með blaðamanni Víkurfréttanna,“ sagði Jonni.

Sóknarbolti varnarmannsins

Björn var ekki beint þekktur fyrir sóknartilburði á knattspyrnuvelli, hann var harður í horn að taka á varnarhelmingi vallarins.

„Ég ákvað að leggja áherslu á sóknarleik á síðasta seðli. Ég veit ekki hvort það hafi gerst áður að tippari spreði þrítryggingnum strax á fyrstu tvo leikina en leikaðferðin gekk alla vega upp. Hvort ég beiti sömu taktík á seðli helgarinnar verður að sjálfsgöðu ekki gefið upp hér og nú, hver veit nema ég dragi eitthvað nýtt upp úr hattinum,“ sagði hinn sóknarsinnaði Björn.



Seðill helgarinnar	Björn	Ólafur
Bournemouth - Brentford	1	1X
Man City - Brighton	1	1
Everton - West Ham	1X2	12
Ipswich - Nott. Forest	2	2
Southampton - Wolves	2	2
Blackburn - Cardiff	1	1
Coventry - Sunderland	1X2	1X2
Luton - Middlesbro	12	2
Oxford Utd. - Watford	12	12
Plymouth - Derby	12	1X2
Preston - Portsmouth	1	2
Swansea - Burnley	2	2
W.B.A. - Hull	1	1

Keflvíkingar ekki af baki dottnir

Senn liður að lokum deildarkeppni Bónusdeildanna í körfuknattleik og eru liðin af Suðurnesjunum í misgóðum málum í aðdraganda vorboðans ljúfa, úrslitakeppninnar. Lið Keflvíkinga hafa verið talsvert á milli tannanna á fólki, bæði lið gerðu breytingar á þjálfara og er óhætt að segja að gengi beggja liða hafi verið undir væntingum. Sigurður Ingimundarson og Jón Halldór Eðvaldsson tóku við kvennaliðinu fljótlega á nýju ári og Sigurður tók sömuleiðis við karlaliðinu og er með Magnús Gunnarsson og fyrrnefndan Jón Halldór sér til aðstoðar. Kvennaliðið er í fjórða sæti og mun enda í því en karlaliðið er í kröppum dansi og þarf að vinna báða leiki sína og treysta á úrslit til að komast í úrslitakeppnina.

Sigurður Ingimundarson fór yfir tímabilið til þessa og rýndi í möguleikana sem eru í stöðinni, hann byrjaði á að tala um kvennaliðið.

„Við Jonni tókum við kvennaliðinu þegar eitthvað var liðið á janúar. Gengið hefur vissulega verið upp og ofan og líka eftir að deildinni var skipt upp í efri og neðri hluta. Margt hefur verið gott en annað ekki og hefur verið erfitt að eiga við.

Við erum ekki lengur í bikarkeppninni

og lítum einfaldlega þannig á

stöðuna að

það eru þrjár vikur fram að

úrslitakeppni og við ætlum

að mæta

brjáláðar til leiks í hana.

Það er fullt af frábærum

leikmönnum í liðinu, miklir

keppnismenn og ég lofa því

að við mætum tilbúnar í úrslitakeppnina.

Þegar hún byrjar þá er einfaldlega



nýtt mót komið í gang og við Keflvíkingar þekkjum ekkert annað en ætla að fara alla leið og það verður engin breyting á því í ár, við höfum fulla trú á okkur þegar út í úrslitakeppnina verður komið. Við ætlum okkur að vera toppa í vor og ætlum okkur alla leið, við setjum þá pressu á okkur. Kvennalið Keflavíkur er það sigursælasta í sögunni og það er alltaf pressa að vinna, sama hvernig liðið er skipað. Að sjálfsögðu ætlum við okkur alla leið að titlinum og trúum að við verðum nógu góðar þegar að úrslitakeppninni kemur.“

Brött brekka hjá karlaliði Keflavíkur

„Já, þetta er búið að vera erfitt hjá karlaliðinu. Við vissum stöðuna á mannskapnum þegar við tókum við og höfum reynt að vinna með hana. Síðasti leikur var augljóslega mjög erfiður hjá okkur en þetta er þekkt í körfubolta, stundum bara gerast hlutir og maður ræður ekki neitt við neitt. Sem betur fer höfum við

Keflvíkingar oftast verið hinum megin en þessi leikur á móti Stólunum var einfaldlega erfiður frá fyrstu mínútu. Þeir voru búnir að tapa tvisvar sinnum fyrir Keflavík og mættu dýrvtlausir til leiks. Við hittum ekkert á meðan allt fór ofan í hjá þeim og við náðum okkur aldrei á strik, staðan hríðversnaði hjá okkur á meðan þeim óx ásmegin. Þetta gerist stundum en það þýðir ekkert að dvelja við það, þessi leikur er búinn og nú verðum við einfaldlega að vinna næsta leik á móti Stjörnunni. Við eigum tvo leiki eftir en erum bara að einbeita okkur að þessum leik á móti Stjörnunni. Við eigum möguleika á að komast í úrslitakeppnina og verðum einfaldlega að byrja á að vinna næsta leik, okkar hugsun nær ekki lengra. Leikurinn er á föstudagskvöld og ég vil sjá íþróttahúsið okkar stútfullt af keflvískum aðdáendum.

Okkar lykkill að sigri í þessum leik á móti Stjörnunni er varnarleikur, hann hefur ekki verið upp á sitt besta til þessa en ég veit að mínir menn geta spilað góða vörn. Það eru engin ný visindi í þessu en með góðri vörn og stoppum koma auðveldar körfur á móti og alveg ljóst að við verðum að spila góða vörn. Þegar svona langt er liðið á tímabil eru æfingarnar ekki að vinna leikina, hvort sem við æfum vörn eitthvað sérstaklega, þetta snýst bara um hugarfarar og ég veit að mínir menn mæta dýrvtlausir á föstudagskvöld,“ sagði Siggi að lokum.

Leikir liðanna í þessari viku:

Bónusdeild kvenna:

Pri 11. mars. Tindastóll - Grindavík
Mið 12. mars Valur - Njarðvík

Bónusdeild karla:

Fim 13. mars Valur - Grindavík
Fim 13. mars Njarðvík - Tindastóll
Fös 14. mars Keflavík - Stjarnan



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is



”

... Við Keflvíkingar þekkjum ekkert annað en ætla að fara alla leið og það verður engin breyting á því í ár, við höfum fulla trú á okkur þegar út í úrslitakeppnina verður komið. Við ætlum okkur að vera toppa í vor og ætlum okkur alla leið, við setjum þá pressu á okkur. ...

Öll tölublað Víkurfrétta frá 1980 og til dagsins í dag eru aðgengileg á

timarit.is

Allt fyrir ferminguna færðu hjá okkur!



Við erum í glerhúsinu að Njarðarbraut 9 í Reykjanesbæ

Palóma
föt og skart

MIMOSA

MARION

HERRAFATAVERSLUN

Sólgleraugu í fermingargjöf

LOKAORD



MARGEIRS VILHJÁLMSSONAR

Ferming

Nýlega las ég frétt þess efnis að Þjóðkirkjan hefði ráðið samfélagsmiðlasérfræðing til starfa. Starf samfélagsmiðlasérfræðingsins hjá Biskupsstofu gengur út á að finna brú á milli almennings og kirkjunnar og hleypa fólki inn í starfsemina innan kirkjunnar. Þetta fannst mér áhugaverð frétt í ljósi þess að framundan eru fermingar. Ungu fólkið sem erfa mun landið staðfestir sína kristnu trú. Við kölluðum þetta að vera tekin í fullorðinna manna tölu fyrir um 40 árum.

Ég man vel eftir öllu umstanginu í kringum ferminguna. Ekki endilega veislunni sem haldin var heima á Háholtinu. Ég skartaði þar glæsilegu Mullet-i og greiðslu í stíl þeirra Duran Duran manna sem voru heitasta bandið á þeim tíma. Ásamt Wham auðvitað. Brauðterturtur og kransakaka. Frábært. Það er engin ferming á kransaköku. En umstangið var líka í kringum starfið í kirkjunni. Við gáfum út fermingarblað. Það þurfti að skrifa greinar og taka myndir. Séra Ólafur Oddur heitinn mátti eiga það að við fengum öll einhverja ábyrgð. Hlutverk. Er það ekki það sem skiptir máli þegar maður gengur í fullorðinna manna tölu. Að hafa hlutverk. Bera ábyrgð. Og muna að kærleikurinn fellur aldrei úr gildi.

Þegar ég fylgist með umræðu um vandamál í skólum verður mér oft hugsað til baka til þessara tíma. Í dag mun staða kennara vera orðin nokkuð ómöguleg. Þeir eiga bara ekki séns sökum afskiptasemi foreldra sem margir hverjir telja sig vita mun betur en háskólamenntaðir kennarar um hvernig skólastarf eigi að fara fram. Agavandamál munu vera algeng. Virðing nemenda fyrir kennurum sé í sögulegu lágmarki. Ómögulegt sé fyrir kennara að bregðast við því þá mæti foreldrar í skólann, jafnvel með lögmann í taumi til að koma sínum málstað á framfæri.

Ég heyrði svo af því um daginn að foreldrar eiga það til að hringja í landsliðsþjálfara unglingslandsliða þegar þeirra börn eru ekki valin í landslið. Bara svona til að gera landsliðsþjálfurunum grein fyrir því að hann sé nú ekki alveg með þetta uppá 10. Að sjálfsgöðu á mitt barn heima í landsliðinu.

Kannski er kominn tími til að spóla aðeins til baka. Ýta á enduræsingartakkann. Fela börnum hlutverk og veita þeim ábyrgð. Ala þau þannig upp að þegar þau fermast þá séu þau að ganga í fullorðinna manna tölu. Helst ætti að leyfa þeim að byrja að vinna á fjórtánda ári. Þá er enginn að tala um að þau þurfi að vera leiðandi starfsmenn á sínum vinnustað, heldur að þau læri þann aga að þurfa að mæta í vinnu á réttum tíma og skili kannski hálf dags vinnu. Læri að peningar vaxi ekki á trjánum eða í veski mómmu og pabba, heldur þurfi að vinna fyrir þeim.

Í fermingargjöf fékk ég golfsett og kerru. Fermingarsumarið byrjaði ég að vinna á golfvöllinum í Leirunni. Þótt einungis hluti af fermingargolfsettinu fylgi mér ennþá hefur íþróttin og það sem henni tengist verið starfsvettvangur alla tíð síðan. Það var góð gjöf sem gefur enn.

25% afsláttur
af öllum sólgleraugum

Optical Studio

REYKJANESBÆR

421 3811 | opticalstudio.is